

Mikið úrval húsgagna til fermingargjafa



Skrifborðstóll verð 8.450.-



Svefnsófi verð 73.900.-



Stoflanlegir stólar verð 7900.-

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 17. apríl 2002 • 16. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Breytinga er þörf í stjórnun og stefnu sveitarfélagsins

– sjá viðtal í miðopnu við Halldór Jónsson, einn af forkólfum nýs bæjarmálaafis í Ísafjarðarbæ

Skoðun á björgunarbátum senn hætt hjá Gúmmibátaþjónustunni ehf. á Ísafirði?

Mikill kurr meðal útgerðarmanna á Vestfjörðum vegna málsins

Danska björgunarbátafyrirtækið Viking Lifesaving Equipment A/S ákvað nýlega að afturkalla leyfi fimm fyrirtækja á landinu til þess að skoða gúmmibjörgunarbáta sem Viking framleiðir.

Gúmmibátaþjónustan ehf. á Ísafirði er eitt þeirra fyrirtækja er missa mun skoðunarleyfið þann 30. september nk.

vegna þessa. Tvær skoðunarstöðvar fá að starfa óáreittar enn um sinn, á Akureyri og í Neskaupstað.

Fækkun skoðanastöðva Viking á landinu mun gerð í því skyni að afla nýstofnaðri Íslandsdeild fyrirtækisins viðskipta, þar sem augljóst er að vestfirskir útgerðarmenn, sem og útgerðarmenn annars stað-

ar á landinu, munu þurfa að senda björgunarbáta sína í nýjar höfðustöðvar Viking í Hafnarfirði til skoðunar í stað þess að geta látið sinna verkini á heimaslóðum.

Þorsteinn Þráinsson hjá Gúmmibátaþjónustunni á Ísafirði segir málið alvarlegt og ef fyrirætlanir Viking ná fram að ganga gæti það þýtt enda-

lok björgunarbátaskoðunar á Ísafirði. „Viking bátar telja 83% af þeim bátum sem við önnumst skoðanir á hér á Ísafirði og því er ljóst að lítil rekstrargrundvöllur verður fyrir björgunarbátaþjónustufyrirtæki á þessum slóðum ef okkur er útilokað að þjónusta nema tæpan fimmtung bátanna á svæðinu,“ segir Þor-

steinn. Meginröksemdir Viking fyrir afturköllun leyfanna eru að fækkun togara á Íslandsmiðum sé fyrirsjáanleg á næstunni.

Mikill kurr mun vera meðal útgerðarmanna á Vestfjörðum vegna málsins, en ef af breytingunum verður mun það valda mikilli kostnaðaraukningu hjá þeim.

SAMKAUP!

OPID:

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

**AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460**

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Fær afhentar eftirstöðvar eigna Djúpbátsins



Vestfirðir

Eldvarnarátaki að ljúka

Eldvarnarátaki Félags slökkviliðsmanna á Ísafirði lýkur senn, en það hefur staðið yfir í þrjá mánuði. Þegar farið var af stað með átakið fyrr í vetur ákváðu tryggingafélögin Sjóvá-Almennar, TM og VÍS að afhenda félaginu 300 reykskynjara endurgjaldslaust.

Félag slökkviliðsmanna hefur síðan þá gengið í hús og selt reykskynjarana en allur ágóði af sölu þeirra rennur til unga drengsins sem missti fjölskyldu sína í hörmulegum eldsvoða á Þingeyri í janúar síðastliðinn. Auk þess að selja reykskynjarana hafa félagsmenn gengið milli húsa og boðið fólk frá aðstoð í brunavörnum, m.a. með því að tryggja að reykskynjarar væru rétt uppsettir og virkir.

Farið var í þetta verkefni af miklum metnaði og hafa slökkviliðsmenn gengið tveir og tveir milli húsa á hverju kvöldi í hartnær þrjá mánuði. Búið er að fara yfir meirihlutann af Ísafjarðarbæ og tryggja að alls staðar séu reykskynjarar og aðrar eldvarnir í lagi. Þar sem nú sér fyrir endann á átakinu hefur Félag slökkviliðsmanna ákvæðið að slíta því formlega þann 6. maí nk. með sameiginlegum kvöldverði þeirra er að því standa. Þangað til gefst bæjarbúum, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fengið heimsókn frá félaginu, kostur á því að hringja í slökkvistöðina í síma 456 3300 og láta vita af sér svo að hægt verði að heimsækja þá hið fyrsta og tryggja að allar brunavarnir heimilisins séu í lagi.

Sögufélag Ísfirðinga fékk á mánudag, afhenta eina milljón króna frá skilanevnd H/f Djúpbátsins, auk þess sem félagið fékk afhent hlutabréf í Hótel Ísafirði að nafnverði kr.

66.666 og hlutabréf í Edinborgarhúsinu ehf. að nafnverði kr. 100.000.

Var þetta gert í samræmi við ákvörðun slitafundar H/f Djúpbátsins sem haldinn var

28. desember 2001 þar sem samþykkt var tillaga þess efnis að afhenda Sögufélaginu eftirstöðvar eigna félagsins til skráningar á sögu H/f Djúpbátsins og samgangna á sjó á svæði félagsins.

Á þessum síðasta hluthafafundi H/f Djúpbátsins lagði Kristinn Jón Jónsson, formaður

ur skilanevndar, fram tillögu um að eftirstöðvar eða nettóeign félagsins, rúmar 1.250 þúsund krónur, sem eftir stæðu við slit félagsins samkvæmt lokareikningi myndu renna til söguritunar og gerð yrði breyting á samþykktum H/f Djúpbátsins þannig að heimilt yrði að ráðstafa eign-

um við slit til skráningar á sögu félagsins. Var tillagan samþykkt samhljóða og félaginu H/f Djúpbáturinn síðan formlega slitið. Lauk þar með merkilegri sögu þessa félags sem stofnað fyrir um hálfri öld síðan og sá um ferjusiglingar um Ísafjarðardjúp fram undir lok síðustu aldar.

Íslandsbanki hf. á Ísafirði

Halldór Margeirsson lætur af störfum

Halldór Margeirsson, útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði, lætur af störfum 1. júlí nk. eftir tæplega 42 ára starf við bankann. Halldór verður sextugur á þessu ári og hefur því aflað sér fullra eftirlaunaréttinda frá bankanum.

Hann sagðist í samtali við blaðið, kveðja starfið með eftirsjá en sagði þó ákveðinn létti að losna undan þeirri ábyrgð sem fylgdi starfinu. Hann sagðist ekki hafa ákveðið hvað tæki við eftir að hann léti af störfum, hann

hyggðist skoða hlutina vel og halda öllum möguleikum opnum.

Halldór hóf störf hjá Útvegsbanka Íslands árið 1960, þá 18 ára gamall, og hefur starfað við bankann síðan. Hann tók við sem útibússtjóri af Högna Þórðarsyni árið 1990, fljótlega eftir að Íslandsbanki var stofnaður í kjölfar sameiningar Útvegsbanka, Iðnaðarbanka, Alþýðubankans og Verslunarbanka Íslands.



Kristinn Jón Jónsson, formaður skilanevndar H/f Djúpbátsins, afhendir Jóni Páli Halldórsyni, formanni Sögufélags Ísfirðinga, eftirstöðvar eigna Djúpbátsins við formlega athöfn sem fram fór á Hótel Ísafirði á mánudag.

Skýrsla Vinnuálagstofnunar um atvinnuástand í mars

Atvinnuleysi minnst á Vestfjörðum

Í skýrslu Vinnuálagstofnunar um atvinnuástand í mars kemur fram að meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 58 eða um 1,5% af áætluðum mannafla, sem er það sama og í febrúar. Atvinnulausum Vestfirðingum hefur því fækkað um tvo á milli mánaða og mælist atvinnuleysi meðal karla 1,3% og 1,8% meðal kvenna, sem er það sama og í febrúar. Atvinnulausir karlar eru að meðaltali 29 og hefur fækkað um tvo frá febrúar mánuði en engin breyting er á fjölda atvinnulausra kvenna milli mánaða, eða 29 konur.

Í lok mars voru 72 atvinnulausir á Vestfjörðum, 32 karlar og 40 konur. Fjöldi atvinnulausra var þá mestur í Ísafjarðarbæ en þar voru 32 skráðir atvinnulausir í lok janúar, 18 konur og 14 karlar. Séu skoðaðar breytingar á milli mánaða sést að atvinnulausum hefur hvergi fjölgað neitt að ráði en í Bolungarvík hefur ein karl bæst við á atvinnuleysisráði og ein kona í Reykhólahreppi. Að öðru hafa litlar sem engar breytingar orðið á atvinnuleysi á Vestfjörðum frá því í febrúar og atvinnulausum frekar fækkað en hitt. Það

sama er upp á teninginn þegar atvinnuleysisstölur eru bornar saman við sama tíma í fyrra en þar hefur atvinnulausum fækkað um sex á milli ára. Hefur atvinnulausum konum þar fækkað um 21 en atvinnulausum körlum hins vegar fjölgað um 15. Mestu breytingar á milli ára eru í Bolungarvík þar sem voru í lok mars aðeins átta skráðir atvinnulausir sem er fækkun um 23 frá mars í fyrra.

Í skýrslu Vinnuálagstofnunar kemur fram að atvinnuleysi á landsbyggðinni minnkar um 6,9% milli mánaða en

er um 25,5% meira en í mars í fyrra. Atvinnuleysið eykst á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi en minnkar á Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Atvinnuleysi er nú mest á Norðurlandi eystra, höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi en minnst á Vestfjörðum. Þá er atvinnuleysi nú meira en í mars í fyrra á öllum atvinnusvæðum nema á Norðurlandi vestra en mest hefur atvinnuástandið versnað á höfuðborgarsvæðinu miðað við febrúar 2002.

Á landinu öllu voru skráðir 77.445 atvinnuleysisdagar

sem jafngildir því að 3.692 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisráði í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda 2,7% af áætlun Þjóðhagsstofnunar um mannafla á vinnumarkaði í mars 2002. Hefur atvinnulausum fjölgað í heild um 3,8% að meðaltali frá marsmánuði en um 83,4% frá sama mánuði 2001, en atvinnuleysi var þá með lægsta móti. Undanfarin tíu ár hefur atvinnuleysið aukist um 5,1% að meðaltali frá febrúar til mars og er árstíðarsveiflan því minni nú en venjulega.

Í rétta átt

Lengi vel gengu sveitarfélögin á þvermóðskuvegg félagsmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar hvað varðar félagslega eignaríbúðakerfið, sem var við það að koma æði mörgum sveitarfélögum á vonarvöl. Sveitarfélögin ein skyldu bera skaðann af kerfi sem stjórnvöld ákváðu leikreglur í og tryggðu sig í bak og fyrir til að fyrra sig ábyrgð á. Og svo langt var gengið að beita átti sveitarfélögin þvingunaraðgerðum með sölu eigna til að ríkisvaldið skaðaðist ekki á vanhugsaðri lagasetningu.

Sinnaskipti ríkisstjórnarinnar eru af hinu góða. Fyrirhuguð breyting á lögum um félagslegar íbúðir, í þá átt að heimilt verði að selja þær á frjálsum markaði, er skref í rétta átt. Ljóst er þó að ef vel hefði átt að vera hefði ríkisvaldið þurft að stíga feti framur vegna þess gífurlega vanda sem búið er að koma sveitarfélögnum í með innlausnarskyldu á íbúðum, sem standa meira og minna auðar um land allt. Uppreiknað verð þessa húsnæðis er í flestum tilfellum yfir markaðsverði hliðstæðra íbúða á viðkomandi stöðum.

Langvinn barátta fyrir réttlæti í þessu máli er ekki einsdæmi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þegar upp er staðið má þó vera að lendingin þyki viðunandi ef horft er til þess ofureflis sem við var að etja.

Stóri bróðir er ekki neitt lamb að leika við.

LEIÐAÐI

BB hefur einarðlega haldið því fram að ein af megin forsendum þess að viðhalda byggð utan höfuðborgarsvæðisins séu góðar samgöngur. Í fyrsta lagi innan tiltekinnar landshluta, líkt og Vestfjarða, í öðru lagi tengingin við þjóðvegakerfið. Þá hefur blaðið ekki legið á þeirri skoðun sinni að vegagerð framtíðarinnar eigi að miðast við að stytta leiðir milli byggðarlaga með jarðgöngum og þverun fjarða í stað þess að klungrast yfir hálsa og heiðar líkt og stefnan hefur verið til þessa.

Með tillögu sinni um brú yfir Mjóafjörð um Hrútey er Vegagerðin á réttri leið. Vegur um Reykjanesið vestan vert og þverun Reykjafjarðar var álitlegur kostur. Þótt sú leið verði ekki farin skiptir fyrirhugað vegstæði miklu fyrir hugsanlega nýtingu mannvirkja í Reykjanesinu, en stutt er þangað frá vegamótunum við Reykjafjörð. BB er ekki í aðstöðu til að meta fyrirhugað vegstæði yfir Vatnsfjarðarháls. Verður að ætla að sú leið sé valin af fyrirhyggju.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólinna Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfussdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmíðu: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Fréttastjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is • Blaðamenn: Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Kristinn Jónsson, sími 456 3068, netfang: blm@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausadöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukortí

Mestur viðbótarkvóti til Vestfjarða

Sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað 1.700 tonnum af ýsu, ufsa og steinbít til krókaafلامarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum slíkra báta. Af þeim 23 byggðarlögum sem til greina komu, fengu 11 úthlutað viðbótarkvóta og þar af sex byggðarlög á Vestfjörðum, þ.e. Tálknafjörður með 400 tonn, Bolungarvík með 400 tonn, Flateyri með 399 tonn, Drangsnæs með 104 tonn, Ísafjörður með 102 tonn og Suðureyri með 19 tonn. Eru þetta alls 1.424 þorskígildistonn eða um 84% af viðbótarkvótanum.

Úthlutunin er til þess gerð

að bæta þeim sjávarbyggðum, sem eru mjög háðar veiðum smábáta, kvóta sem hvarf þegar þessar tegundir voru kvótabundnar við upphaf núverandi fiskveiðiárs sem hófst 1. september 2001. Ljóst var að kvótasetningin gerði þeim sjávarbyggðum erfitt fyrir sem háðastar eru veiðum smábáta og til að koma til móts við þessar byggðir voru samþykkt lög á Alþingi þann 20. desember síðastliðinn er heimiluðu sjávarútvegsráðherra að úthluta allt að 1.000 tonnum af ýsu, 1000 tonnum af steinbít og 300 tonnum af ufsa til krókaafلامarksbáta í þessum byggðum.

Við ákvörðun á því hvaða

staðir kæmu til greina við úthlutun viðbótarkvótans voru tvær forsendur lagðar til grundvallar og þurftu byggðarlögin að uppfylla þær báðar.

Annars vegar var reiknað hversu hátt hlutfall úthlutað aflamark krókaafلامarksbáta á fiskveiðiárinu 2001/2002 var af heildarúthlutun allra skipa á viðkomandi stað í þorskígildum talið. Þeir staðir þar sem hlutfallið var 15% eða hærra komu til greina við úthlutunina. Hins vegar var reiknað hversu hátt hlutfall afli krókaafلامarksbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001 var af heildarfiskafla allra skipa sem skráðir voru á viðkomandi stað. Þeir staðir þar sem

hlutfallið var 15% eða hærra komu einnig til greina við úthlutunina.

Þá var ákveðið að úthlutað magn til einstakra byggðarlaga skyldi miðast við að ekkert byggðarlag hefði úthlutað aflamark í þremur ofantöldum tegundum að viðbættum þorskafla á síðasta fiskveiðiári, sem næmi lægra hlutfalli en 89,4% af heildarafla síðasta fiskveiðiárs. Þetta er þó með þeim takmörkunum að ekkert byggðarlag fengi hærri úthlutun en 400 þorskígildistonn. Sömu aðferð var síðan beitt þegar úthlutað var á einstaka báta innan hvers byggðarlags, að hámarki 50 þorskígildistonn á bát.



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Auglýsing um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara laugardaginn 25. maí 2002, hófst þriðjudaginn 2. apríl sl.

Kjósmaður má á skrifstofu embættisins, Hafnarstræti 1, Ísafirði, alla virka daga frá kl. 09:00-15:00 og í nauðsynjatilvikum, utan skrifstofutíma, eftir samkomulagi við kjörstjóra.

Umsókn um atkvæðagreiðslu í heimahúsi, vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 12:00 á hádegis, laugardaginn 18. maí. Atkvæðagreiðsla á stofnun og í heimahúsi má ekki fara fram fyrr en laugardaginn 4. maí.

Allar nánari upplýsingar veitir Arndís, starfsmaður sýslumannsins í síma 450 3700, einnig utan skrifstofutíma í síma 846 3200.

Kjösendum er bent á að hafa með sér persónuskilríki.

Ísafirði 16. apríl 2002,
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Vélsmiðjan Mjólnir ehf. í Bolungarvík

Kaupir hluta þrotabús Thermo Plus Europe í Reykjanæsbæ

Vélsmiðjan Mjólnir í Bolungarvík festi nýlega kaup á hluta af þrotabú fyrirtækisins Thermo Plus Europe, en það starfaði sem kunnugt er í Reykjanæsbæ og fékkst við að framleiða kælitæki til sölu á Evrópumarkaði.

Finnbogi Bernódusson, framkvæmdastjóri vélsmiðjunnar, sagðist ekki hafa nákvæmar tölur um hve stóran hluta þrotabúsins vélsmiðjan keypti, en hann staðfesti að um væri að ræða efnivið til framleiðslu á kælubúnaði og

að vélsmiðjan væri að athuga möguleika þess að starfrækja kælitækjaframleiðslu.

„Hlutirnir eru í skoðun en það er of snemmt að gefa einhverjar yfirlýsingar á þessu stigi málsins. Það er langt ferli að athuga hvort menn hafa

eitthvað í þennan bransa að gera, en við stefnum á að gera eitthvað úr þessum efnivið. Ef við finnum ekki leið til þess að nýta hann, þá er alltaf hægt að selja efnivið aftur,“ sagði Finnbogi Bernódusson í samtali við blaðið.

Skemmtikvöldið

Those Were The Days

Með lifandi tónlist frá 1960 til 1970

Lokasýningar

VÍKURBÆR BOLUNGARVÍK

Frábær matur
Stórgóð skemmtun
Dúndurball

Víkurbær Bolungarvík laugardagskvöldið 20. apríl
Krúsín Ísafirði laugardagskvöldið 27. apríl

Hljómsveitin og Söngvarar eru
Jón H. Engilbertsson gítar, Samúel Einarsson hljómborð
Karl Jónsson trommur, Óli Pétur Jakobsson bassi
Jónatan Einarsson plónó - söngur, Þórunn Snorradóttir söngur,
Guðmundur Ó. Reyfisson söngur

Nú er aðaláhersla lögð á lifandi tónlist og að sjálfsögðu góðri kvöldstund þar sem þið upplifið anda og tónlist 7. áratugarins

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á GÓÐAN OG VANDADAN PRIGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐ
UNDIR STJÓRN ÞORSTEINS ÞRÁINSSONAR MATREIÐSLUMEISTARA
Miðaverð 3800.-
MIÐA OG BORDAPANTANIR Í SÍMA 456-3985 (PIZZA 67)



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snorpa.is

Helmasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 24: 126,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Frábær sólbaðsaðstaða. Laust 1. ágúst 2001. Áhv. ca. 4,6 m.kr. Verð 7,5 m.kr.

Hafrabolt 50: 138,4 m² Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 12,9 m.kr.

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð Laust fljótlega. Tilboð óskast

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. Verð 9,7 m.kr.

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. Verð 12,9 m.kr.

Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr

Seljalandsvegur 24 (Sjónarhæð): 223,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið uppgert að mestu, í mjög góðu standi. Verð 12 m.kr.

Skólavegur 13: 160 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara, bílskúr og 1000 m² eignarlóð. Verð 8,5 m.kr.

Urdarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.

4-6 herb. íbúðir

Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Pólgata 5a: 121 m² 4ra herbergja íbúð á n.h. í þrívíðishúsi ásamt bílskúr, 50% kjallara og eignarlóð. Íbúðin er öll endurnýjuð. Verð 6,7 m.kr.

3ja herb. íbúðir

Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjórþýðishúsi ásamt góðum bílskúr. Verð 6,9 m.kr.

Hlíflí II - Torfensi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraðra. Verð 7,1 m.kr.

Pólgata 6: 55 m² risibúð á 3ju hæð í fjölþýðishúsi. Verð 3,9 m.kr.

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfloður, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölþýðishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölþýðishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr.

Verð 5,5 m.kr.
Tangagata 16: 66,9 m² íbúð á neðri hæð í tvívíðishúsi. Verð 4,5 m.kr.

2ja herb. íbúðir

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgæru fjölþýðishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

Súðavík

Álfabyggð 3: 130,2 m² nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. Verð 11,5 m.kr.

Suðureyri

Hjallavegur 11: 138,2 m² einbýlishús á einni hæð. Verð 3 m.kr.

Flateyri

Drafnargata 10: 158 m² hlaðið einbýlishús á tveimur hæðum, klætt með timbri og einangrað ásamt bílskúr. Verð 8 m.kr.

Ránargata 8: 130,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt hjalli. Tilboð óskast

Bolungarvík

Heiðarbrún 3: 224,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Tilboð óskast

Hlíðarstræti 6: 113 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð

Atvinnuhúsnæði

Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eda 6 leigubúðir. Verðhugmynd 10 m.kr.

Sindragata 9: veiðafærageymsla - eitt bíl. Tilboð óskast

Sindragata 14: 534 m² nýtt stálgrindarhús á einni hæð. Atvinnuhúsnæði vel búð og staðsett. Verð 25 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar www.bb.is/tg

Siggi

Sam

Sigurði Samúelssyni, bassaleikarnum í Írafári, er tónlistin í blóð borinn. Hann er sonur Samúels Einarssonar djassgeggjara og rakara á Ísafirði og Guðríðar Sigurðardóttur. Sigurður er af hinni svokölluðu Góustaðarætt og heldur afi hans enn nokkrar kindur á svæðinu. Sigurður fæddist á Hlíðarveginum á Ísafirði fyrir tæpum þrjátíu árum en ólst upp í Holtahverfinu frá fimm ára aldri. Í barnæsku Sigurðar bjuggu fáir í Holtahverfi. Hann segir þó að aldrei hafi sig skort leikfélaga, enda voru það aðallega miklar barnafjölskyldur sem fluttust í hverfið. „Allt í kringum mig bjuggu krakkar á mínum aldri. Við hópuðum okkur að sjálf-sögðu saman og var mikill rígrug á milli okkar og þeirra sem bjuggu utar í firðinum. Að vísu var ekki mikið um túttubyskuslagi og þvíumlíkt milli hverfa í minni æsku, menn gerðu frekar út um hlutina með því að keppa í fót-bolta. Knattspyrnufélagið Örvar hélt reglulega æfingar á Hauganesi og fór oft í keppnisferðalög út í bæ.”

Lærði á bassa í Danmörku

Sigurður gekk í Grunnskólann á Ísafirði eins og lög og reglur gerðu ráð fyrir. „Að grunnskóla loknum fór ég í Menntaskólann á Ísafirði. Ég kláraði fyrsta bekk í skólanum, en um sumarið flutti ég með fjölskyldunni til Kaupmannahafnar þar sem mamma fór í einhversskonar endurmenntunarþrógramm fyrir íþróttakennara.

Við vorum í Danmörku í eitt ár og þar má segja að ég hafi stigið mín fyrstu spor í bassaleik að einhverju ráði. Ég hafði reyndar lært á trompet og túbu þegar ég var yngri og hóf ekki að fikta við bassann fyrr en undir lok grunnskólans. Þá var ég eitthvað farinn að spila eftir útvarpinu og pabbi var byrjaður að gefa mér svona grunnleiðbeiningar í bassaleik. Í Danmörku fór að læra hjá dönskum bassaleikara, en þess má geta að ein af hans uppáhaldssveitum var

islenska pönkbandið Þeyr.”

Stórsveit MÍ

Þegar Sigurður og fjölskylda snéru heim frá Danmörku hélt hann áfram námi. „Ég útskrifaðist svo úr Menntaskólanum, eða Framhaldsskóla Vestfjarða eins og hann hét þá, vorið 1994. Meðan á skólagöngunni stóð tók ég þátt í nokkrum músíkverkefnum og má þar helst nefna Stórsveit MÍ. Myndin The Commitments var nýkominn út á þeim tíma og mikið soul æði tröllreið öllu. Því var ráðist í það að stofna alvöru soul sveit með lúðrum og tilheyrandi og voru á annan tug manna í sveitinni. Stórsveitin afrekaði það að leika á einu eða tveim böllum. Vandamálið var alltaf að koma mannskapnum saman og finna æfingartíma sem hentaði öllum.

Auk þess að spila í Stórsveit MÍ lék ég um tíma með þeim Einari Péttri Heiðarssyni og Eiríki Björnssyni í blússveitinni Aldeilis. Sú hljómsveit lék ekki mikið opinberlega og það var í raun ekki fyrr en nokkru eftir að ég flutti suður sem ég fór að láta að mér kveða á böllum.”

Mikið fyrir balli haft

„Að loknu stúdentsnámi fór ég að vinna í rækju í hálftrú á en flutti svo suður til Reykjavíkur og fór að læra alþjóðamarkaðsfræði í Tækniskólanum. Námið tók þrjú ár og að því loknu fór ég að vinna hjá Samskipum og vinn þar enn. Á svipuðum tíma og ég fór að vinna þar, stofnuðum við hljómsveitina Írafár. Ég hafði ári áður spilað með þessum mönnum á þorablóti og má segja

að sveitin hafi verið stofnuð upp úr því giggi.

Eitt af okkar fyrstu verkefnum var að spila á fullveldishátíð Menntaskólans á Ísafirði í desember 1998. Við keyrðum vestur í nokkuð mikilli ófærð og komum ekki til Ísafjarðar fyrr en um klukkan eitt um nóttina og þurftum því að fara beinustu leið í Sjallann og beint upp á svið. Að sjálf-sögðu sprakk svo einhver magnari og þar fram eftir götunum, en við gerðum gott úr hörmungunum og skemmtum okkur ágætlega, eins og vonandi flestir ballgestir.”

Eftir þetta fór boltinn að rúlla hjá Írafári. Sveitin vakti mikla lukku á fullveldisdansleikum og heyrst hefur að á sínum tíma hafi farið af stað undirskriftasöfnun meðal fastagesta Sjallans til að knýja vert staðarins til að ráða sveitina aftur. Sigurður segist aldrei hafa heyrt af neinni undirskriftasöfnun. „Við vorum samt ráðin mjög fljótlega aftur og spiluðum á balli stuttu eftir áramót. Eftir það hefur sveitin margsinnis leikið í Sjallanum á Ísafirði og á sennilega eftir að gera það oft í framtíðinni, enda er alltaf gaman að koma heim og spila. Við vorum einmitt að spila hér á Skíðavíkinni og slógum fimm ára gamalt aðsóknarmet í Sjallanum á föstudaginn langa sem Sálin átti og erum við afar stolt af því.

Fyrsta árið sem sveitin starfaði var rosalega mikið að gera. Þessi bransi er mjög harður og menn verða að hafa sig alla við ef þeim á að takast að koma sér áfram. Vegna þessara anna höfðum við lítinn tíma til að semja okkar eigin tónlist og það var í rauninni ekki fyrr en á aldamótarárinu sem við gáfum út okkar fyrsta lag með einhverjum árangri. Reyndar gáfum við út lag árið 1999, en það hlaut ekki náð fyrir augum útvarpsstjóra og náði engri spilun. En ári síðar fór að ganga betur. Við heyrðumst í útvarpi og flökkum um landið með Bylgjulestinni um sumarið og tókst að festa okkur í sessi sem ein af stærri hljómsveitum landsins.”

Þó svo að lög Írafárs hafi heyrst víða á öldum ljósvak-


ans á undanförunum árum hefur sveitin ekki enn afrekað það að gefa út plötu. „Við gerðum plötusamning við Skífuna í janúar og vonumst til að koma út plötu fyrir næstu jól. Það vantar ekki efni á plötuna, því við höfum verið mjög dugleg við að semja og æfa okkar eigin lög. Draumurinn er að sjálf-sögðu að gera lög okkar svo þekkt að við getum leikið á böllum án þess að taka lög eftir aðra. Og hver veit nema það takist einhvern tímann í framtíðinni.

Nokkuð miklar manna-breytingar hafa verið hjá Írafári þau ár sem sveitin hefur verið til. Þannig hafa tveir trymblar, þrjú hljómborðsleikarar og tvær söngkonur verið í bandinu. „Upprunalega söngkonan hætti á sínum tíma til að ganga til liðs við hljómsveit fyrirverandi kærasta síns. Það kom þó ekki að sök, því strax daginn eftir vorum við komnir með nýja söngkonu, hana Birgittu Haukdal. Hún hafði áður sungið mikið í sýningum á Broadway, en ég held að Írafár sé fyrsta og eina hljómsveitin sem hún hefur sungið með.

Þetta var ekki eina breytingin á bandinu. Sumarið eftir flutti hljómborðsleikarinn til Raufarhafnar og gerðist skólalærjóni í grunnskólanum þar. Sá sem kom í staðinn fór svo í verkfræðinámi í vetur og treysti sér ekki til að vera lengur í hljómsveitinni svo að við þurftum að fá þriðja hljómborðsleikarann. Síðan flutti trommarinn okkar fyrirverandi til útlanda í haust og þurfti því að ráða nýjan. Ég og Vignir gítarleikari erum því þeir einu sem hafa verið í hljómsveitinni frá upphafi, en nýju meðlimirnir hafa smellið einstaklega vel inn í hópinn og er hann mjög samhentur og mórallinn góður.”

Verður jafnvel reynt að „meika það“ erlendis

Írafár er eins og áður segir að undirbúa útgáfu sinnar fyrstu breiðskífu. Sigurður segir að jafnvel verði reynt að „meika það“ á erlendum vettvangi. „Við vorum svo heppin að fá hann Þorvald Bjarna, Todmobilemeðlim, til að hafa yfirumsjón með plötuprófnum. Hvort eitthvað verði úr því er með öllu óvíst, en metnaður okkar er mikill.”



Vestfirðingum fækkaði um níttján

Níttján fleiri fluttu frá Vestfirðum en til á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofu Íslands um búferlaflutninga eftir sveitarfélögum. Alls fluttu 128 frá Vestfirðum á þessum tímabili á móti 109

sem fluttu til fjórðungsins. Í Ísafjarðarbæ fækkaði íbúum um níu manns, þeim fækkaði um átta í Reykhólahreppi, um fjóra í Hólmavíkurehri, um tvo í Tálknafjarðarhreppi og um einn í Vesturbyggð. Íbúafjöldi í Bolungarvík og

Súðavíkurehri stóð í stað en Kirkjubólshreppur bætti við sig fjórum íbúum og Kaldrananeshreppur einum. Á sama tímabili á síðasta ári fækkaði Vestfirðingum um 32 og því bendir allt til að enn hægi á fólksfækkun á Vest-

firðum. Þá er fólksfækkun á Vestfirðum áfram minni en í öðrum landshlutum sem fækkar í, en höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Vesturland eru einu svæðin sem bæta við sig íbúum á tímabilinu. Fækkunin

var mest á Suðurlandi eða 50, næst kom Norðurland eystra (40), þá koma Norðurland vestra (31) og Austurland (25). Fleiri landsmenn virðast hafa haldið kyrru fyrir í ár en á sama tímabili í fyrra.

Rólegt yfir bílasölu á Vestfirðum

Bílasalar svart-sýnir á sumarið

Samkvæmt bráðabirgðatölum Skráningarstofunnar hefur nýskráningum bifreiða fækkað til muna fyrstu mánuði þessa árs miðað við árið í fyrra. Alls voru nýskráðar 1.678 bifreiðar á fyrstu þremur mánuðum þessa árs samanborið við 2.442 á sama tíma í fyrra. Fara þarf allt aftur til ársins 1994 til að finna jafn fáar nýskráningar. Bílasalar á Ísafirði hafa ekki farið varhluta af samdrættinum og eru þeir ekki bjartsýnir á árið í heild.

Elvar Bæringsson hjá Bílasölu á Ísafjarðarflugvelli sagði að verulega hefði dregið úr sölu nýrra bíla eftir gengisfellinguna á síðasta ári og taldi hann að ástandið myndi lítið batna með sumrinu. Hann sagði mesta sölu vera í

nýlegum, notuðum bílum, þ.e. bílum sem væru 1-4 ára gamlir. Bergmann Ólafsson hjá Bílatanga ehf. á Ísafirði sagði síðasta ár hafa verið ágætt enda hefði salan hjá þeim verið svipuð og í Reykjavík. Hann sagðist það sem af er árinu og var ekki bjartsýnn á sumarið. Hann taldi þó að salan hjá þeim yrði á svipuðum nótum og í Reykjavík.

Sigurður Óskarsson hjá Bílagarði ehf. á Ísafirði sagði að sala nýrra bíla hefði verið mjög dræm undanfarin tvö ár og sagðist hann aðeins vera búinn að selja nokkra bíla það sem af er árinu. Hann sagði afturkippinn hafa komið talsvert fyrir á Vestfirðum en á höfuðborgarsvæðinu og að útlitið fyrir sumarið slæmt.

Klifur 150 metra af þverhniptum ís

Ef rýnt var gaumgæfilega upp í Naustahvilt í Skutulsfirði á fimmtudag, mátti þar sjá tvo klifurkappa sem fetuðu sig hægt en örugglega upp þverhniptan ísinn í átt að fjallstoppnum. Það voru þeir Hörður Sævar Harðarson og Rúnar Óli Karlsson, meðlimir í Björgunarfélagi Ísafjarðar, sem þar voru á ferð og segir Hörður að ferðin, sem stóð yfir frá morgni til kvölds, hafi gengið með ágætum og að klifurkapparnir hafi báðir snúið heim preyttir en ánægðir með afrek dagsins. „Þetta tók lengri tíma en við höfðum áætlað vegna þess að leiðin sem við völdum upphaflega reyndist ekki nothæf sökum ísleysis. Við urðum því að snúa við um hádegisbilið og velja okkur nýja leið upp. Þegar þangað var komið gekk allt með besta móti og við vorum fljótir á toppinn þar sem við gæddum okkur á nesti og horfð-

um yfir fjörðinn okkar fallega,“ segir Hörður sem telur að þeir félagar hafi klifrað um 150 metra leið í ísnum með aðstoð mannbrodda, ísaxa og tryggingalínu. Hörður segir að næsta klifurferð sé fyrirhuguð um helgina og að þeir hafi hraðann á um þessar mundir því að ísinn sé á stöðugu undanhaldi í hlýindum síðustu daga. Hann segir að Ísafjörður og næsta nágrenni sé algjör klifurparadís og að hvergi á landinu sé að finna jafn góðar aðstæður og hér. „Óshlíðin, Naustahvilt og öll fjöllin hér í kring eru svo nálægt okkur, að ekki sé minnst á hve tignarleg þau eru og góð til klifurs. Þegar aðrir landsmenn hyggjast klifra í ís þurfa þeir margir hverjir að keyra í einhverja klukkutíma og ganga síðan í nokkra til viðbótar áður en hafist er handa við klifrið. Hér höfum við þetta allt við hliðina á



Ísklifrararnir tveir að leið upp ís fossa í sunnanverðri Naustahvilt. Rúnar Óli, sem þarna er staddur í um 600 m.y.s., er búinn að klifra upp 1. spönnina og gerir sig tilbúinn að taka Hörð upp.

okkur,” segir Hörður og bætir því við að þeim sem áhuga hafa á ísklifri sé velkomið að kynna sér starfsemi Björgunarfélags Ísa-

fjarðar, en þar verður nýtt fólk tekið inn í haust. Hann bendir einnig í þessu skyni á nýopnaða heimasíðu björgunarfélagsins,

en þar er hægt að skoða myndir frá klifurferðum og fræðast um almenna starfsemi þess.

Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði

Hafdís Sunna kjörin forseti

Hafdís Sunna Hermannsdóttir var kjörin forseti Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði á aðalfundi félagsins sem haldinn var í síðustu viku. Aðrir í stjórn félagsins voru kjörnir þau Telma B. Kristinsdóttir, rit-

ari, Arna Grétarsdóttir, gjaldkeri, Ingvar Alfredsson, menningarviti og Kolbeinn Einarsson, sem var kjörinn „sprellikar!“ félagsins, en það embætti var áður nefnt íþróttafulltrúi. Fráfarandi forseti, Sesselja

Guðjónsdóttir, kynnti fjárhagsstöðu félagsins sem mun vera með besta móti um. Framundan hjá félaginu er sumarhátíð og grillveisla sem endar með dansleik á Suðureyri og hin árlega rokkhátíð Menntastock.

smáar

Til sölu er Britax Freeway **barnabílstóll** (ca. 9 mánu til 4,5 árs) Góður stól í góðu lagi. Upplýsingar í síma 864 0303.

Óskum eftir að leigja hús eða íbúð á Ísafirði, þyrftu að vera 4-5 herb. Upplýsingar í síma 862 0501 og 555 4771.

Til sölu er **Toyota Corolla**, 4x4, station, árg. 1996, ekinn 65 þús. km. Gott litnið. Lán fylgir. Uppl. gefur Bergmann í síma 456 3800.

Til sölu er fallett viðarlitað **rimlarúm**. Verðkr. 7.000. Uppl. í síma 898 7292.

Hefur einhver fundið lítinn grænan **páfagauk** sem flaug frá heimili sínu í Holtahverfi á sunnudag? Uppl. í síma 892 8913.

Til sölu eru 3 stk. 33" Kelly **sumardekk**, hálf slitin. Upplýsingar í símu 456 4545 og 862 4032.

Til sölu er **hornsófi**. Uppl. í síma 456 4338.

Til sölu er **eldhúsborð** og fjórir stólar úr beyki. Einnig lítið tölvuborð. Uppl. í síma 456 4916.

Árgangur '62. Ætlum að hittast fljótlega. Hafid samband við Auði í síma 823 6412.

Óska eftir að kaupa notað þrekhlól. Á sama stað er til sölu þríhjól og kerra. Fæst fyrir lítið. Uppl. í síma 456 3587 eftir kl. 18.

Til sölu er 22 calibera Anschutz **rífill**, módel 1903 með microgikk og þungu hlaupi. Einstakur gripur. Uppl. í síma 897 4019.

Til sölu er **uppstoppaður** minkur, helsingi, kjói og stökkandarpar. Uppl. hjá Kára í síma 897 4019.

Til leigu eða sölu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Íbúðin er laus. Uppl. í síma 456 3798 og 866 7858 eftir kl. 14.

Tveir **páfagaukar** og búr fást gefins. Upplýsingar í síma 848 0917 eftir kl. 16.

Óska eftir stórum **vefstól**. Upplýsingar gefur Micaela í síma 456 5233.

Til sölu er **rúm**, 90x200, með nýrri dýnu og tveimur náttborðum á kr. 4.000 pr. stk. Uppl. í síma 898 6328.

Til sölu er 122m² einbýlishús að Traðarlandi 15 í Bolungarvík ásamt bílskúr. Uppl. í símu 456 7093 og 847 1919.

Hamstur og hamstrabúr til sölu. Upplýsingar gefnar í síma 456 4088.

Rauði kross Íslands á Ísafirði óskar eftir að fá **tölvu** gefins fyrir sjálfbæðaliða. Uppl. í síma 456 3180.

Til sölu er 20", sex gíra, Diamond **drengjareiðhjól** til sölu. Upplýsingar í síma 897 4667.

Til sölu er Simo **kerruvagn** ásamt kerrupoka. Einnig Chicco barnastóll. Uppl. í síma 698 4212.

Til sölu er **MMGL300** árg. 1996 með mæli. Ný sumardekk á felgum. Skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 862 8279.

Óska eftir ísskáp gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 852 8913.

Til sölu er **borðstofuborð** á sex stólar og sófaborð og hornborð. Upplýsingar í síma 869 4843.

Óska eftir **sjókaajak**. Upplýsingar gefur Brynjar í síma 456 8283.

Vil kaupa **plastbát**, 18-20 feta. Upplýsingar gefur Baldur í síma 456 4832.

„Gagnrýnum þá stefnu að eyða byggð í stað þess að verja byggð“


– segir Benedikt Kristjánsson, íbúi við Heiðarbrún

Að minnsta kosti sjö íbúðarhús við Dísarland og Traðarland í Bolungarvík verða að víkja ef ráðist verður í gerð snjóflóðavarna eins og þær eru fyrirhugaðar í dag. Þetta kom fram á kynningarfundum sem haldinn var í síðustu viku um snjóflóðavarnir í Bolungarvík þar sem gerð var grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og farið yfir mat á umhverfisáhrifum þeirra, sem nýlega var lagt fram til kynningar.

Gert er ráð fyrir að varnirnar verði staðsettar í hlíðum Traðarhyrnu ofan við kaupstaðinn, frá skíðasvæði og út fyrir gatnamót Stígahlíðar og Hjallastrætis. Munu þær samanstanda af tveimur gerðum

varnarmannvirkja, þ.e. tveimur bogadregnum görðum sem koma saman í hvössu horni og átta nabbar. Áætlaður byggingarkostnaður varnarmannvirkjanna er um 420 milljónir króna auk kostnaðar við uppkaupt hús þar sem hluti af varnarmannvirkjunum lendir á íbúðasvæði.

Benedikt Kristjánsson, sem býr að Heiðarbrún 5 í Bolungarvík, segir að kynningarfundurinn hafi verið góður og þær upplýsingar sem þar komu fram málefnalegar og skýrar. Fyrst og fremst hafi verið til umræðu skýrsla um mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík og segir hann að íbúar undir hlíðum Traðarhyrnu og fleiri Bol-



Þrívíddarteikning af snjóflóðavörnum.

víkningar hafi haft ýmislegt við hana að athuga.

„Við gagnrýnum fyrst og fremst þá stefnu að eyða byggð í stað þess að verja alla byggð. Í skýrslunni kemur fram að varnirnar eru hannað til að verja byggðina fyrir aftakafloði en á fundinum var sagt frá því að mjög litlar líkur eru á að slíkt flóð falli á byggðina. Því spyrjum við um ástæður þess að byggja mannvirki af þessu umfangi þegar snjóflóðasaga Bolungarvíkur virðist ekki styðja slíkt. Við erum ekki sátt við að áætlun skuli sett fram með þeim hætti að eyða þurfi byggð í Bolungarvík þegar hægt hefur verið að komast hjá því annars staðar á landinu.“

Við bendum einnig á að varnarmannvirkir eru gríðarlega mikil að umfangi og fyrir utan þá röskun sem bygging þeirra hefur á bæjarmyndina, höfum við áhyggjur af þeim vandamálum sem geta skapast innan garðanna og valdið annars konar hættu. Í skýrslunni kemur fram að ekki er hægt að þekja garðana með bindandi jarðvegslagi sökum þess hversu brattir þeir eru og við sjáum því fyrir okkur fok og jarðvegssrof úr þeim. Við þekkjum einnig vel snjóalög í hverfinu og höfum áhyggjur af því að garðurinn muni breyta þeim og hafa áhrif á þau hús sem næst honum standa.“

Benedikt segir að það séu mörg önnur atriði sem gerðar séu athugasemdir við og verði skilað inn til Skipulagsstofnunar fyrir tilsettan tíma sem er 24. apríl nk. „Við munum kynna okkar athugasemdir formlega þegar þar að kemur enda er þetta hagsmunamál allra Bolvíkinga, ekki bara okkar sem búum á svæðinu þar sem snjóflóðavarnirnar verða staðsettar. Við trúum því að Skipulagsstofnun vinni sína vinnu og að tekið verði tillit til þessarar athugasemda enda gífurlega mikilvægt að sátt ríki um þær aðgerðir sem farið verður út í. Eins og fram kemur í skýrslunni liggur fyrir að hluti íbúa er ekki sáttur og ég vil að við komum í veg fyrir slíkt ósætti, þ.e. að sátt verði um hvaða leiðir eigi að fara í snjóflóðavörnum. Við höfum ekki verið með neina skipulega undirskriftarsöfnun í gangi en ætlum að hafa athugasemdirnar aðgengilegar þannig að allir íbúarnir geti komið að þeim og haft þannig áhrif enda er það sjálfsagður réttur okkar“, segir Benedikt.

Í umræddu mati á umhverfisáhrifum vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík kemur fram að á heildina lítið sé ávinningur af framkvæmdinni svo mikill að neikvæð áhrif séu lítil eða hverfandi í því samhengi. Verði varnargarðar hins vegar ekki byggðir sé nauðsynlegt að kaupa upp

stóran hluta bæjarins og að mati framkvæmdaraðila er sá kostur óraunhæfur vegna mikils kostnaðar sem og ákvæða í lögum um þátttöku Ofanflóðasjóðs í uppkauptum eða flutningi á húseignum. Ekki sé hins vegar hægt að líta fram hjá því að skiptar skoðanir séu um hvaða leið sé besti

kosturinn til að leysa úr bráðum vanda og hluti íbúa sé ósáttur enda telji þeir fyrirhugaðar varnaraðgerðir ekki fullnægjandi. Er samstaða íbúa talin mikilvæg til að framtíð staðarins verði sem best tryggð og því mikilvægt að leita úrlausna sem flestir geta sætt sig við.



ÍSAFJARÐARBÆR

SUMARSTÖRF 2002

Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar óskar hér með eftir að ráða í eftirtalin störf í sumar: Verkstjóra í slátt og garðyrkju. Þurfa að hafa reynslu af slíkum störfum og verða orðnir 20 ára. Starfsmenn í slátt og garðhreinsun, þurfa að vera orðnir 16 ára. Mánaðarlaun eru samkvæmt töxtum F.O.S. Vest. Tíma- vinna starfsfólks er samkvæmt töxtum Verkalýðsfélagsins Baldurs. Vinnutími er góður auk þess sem við reynum að alltaf að hafa góðan mórál meðal starfsfólksins.

Þeim sem hafa áhuga er bent á að sækja um á þar til gerðum eyðublöðum á bæjarskrifstofunni, Hafnarstræti 1. Upplýsingar gefur garðyrkjustjóri í síma 456 3443 milli kl. 10 og 12.

GARÐALEIGA

Þeir garðleigjendur sem hyggjast hætta með kartöflugarða í vor eru vinsamlegast beðnir að láta garðyrkjustjóra vita. Einnig er hægt að sækja um leigu á garði á sama stað. Upplýsingar í síma 456 3443 milli kl. 10:00 og 12:00. Svæði eru sem hér segir: Í Tunguskógi, ofan Hlíðarvegur og inn með Seljalandsvegi. Einnig eru garðar á Flateyri. Vinsamlegast reynið að ganga vel um svæðin og ekki skilja eftir plast eða annað rusl. Svæðin eiga að vera eins snyrtileg og hægt er.

Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Skemmtilegt framtíðarstarf!

Óskum eftir að ráða stuðningsfulltrúa, 20 ára og eldri, í skammtíamavistun á Ísafirði, sem starfrækt er fyrir börn með fötlun.

Óskað er eftir starfsfólki sem er tilbúið að takast á við ný og krefjandi verkefni í starfi, er stundvíst, samvirkusamt og á auðvelt með að vinna með öðrum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Allar nánari upplýsingar veitir Helga á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í síma 456 5224. Umsóknarfrestur er til 24. apríl. Umsóknarblöð liggja frammi á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Breyting á lögum um húsnæðismál, mikilvægur áfangi

Félagsmálaráðherra hefur lagt frumvarp um breytingu á lögum um húsnæðismál fram á Alþingi nú á vordögum.

Nefnd á vegum ráðherra sem undirritaður á sæti í vann tillögur sem frumvarpið byggir á. Vonast ráðherra til að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi. Tekið er undir það því fyrirhuguð breyting mun breyta ýmsu í rekstri félagslega húsnæðiskerfisins hjá sveitarfélögum landsins.

Félagslega húsnæðiskerfið fyrir breytingar skv. frumvarpinu

Um margra ára skeið hefur verið umræða meðal sveitarfélaga á landsbyggðinni um nauðsyn þess að ríkið komi til móts við þau vegna sífellt þyngri rekstrar. Sérstaklega hefur reksturinn þyngst frá 1998 en þá voru núverandi húsnæðislög samþykkt. Samkvæmt þeim er félagslega eignaríbúðakerfinu lokað svo eini kaupandinn er í raun viðkomandi sveitarfélag vegna kaupskyldu. Skiljanlega hafa flestir eigendur þessara íbúða nýtt sér kaupskyldu síns sveitarfélags, sérstaklega á svæðum þar sem markaðsverð er lægra en innan félagslega kerfisins.

I

Viðkomandi sveitarfélag aftur á móti hefur haft þann kost að selja íbúðirnar á almennum markaði. Lítið hefur verið um slíka sölu, vegna þess að skv. lögnum frá 1998, skal fjármagna lækkan lána með söluhagnaði íbúða á svæðum þar sem markaðsverð er hærra en verðið í félagslega eignaríbúðakerfinu. Hér er fyrst og fremst um að ræða íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Eigendur viðkomandi íbúða hafa skiljanlega séð sér hag í að bíða eftir því að kaupskylda þeirra sveitarfélaga renni út svo þeir geti sjálfir selt sína íbúð á almennum markaði.

II

Fjölgun félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga (Ísafjarðarbær um 180 íbúðir) hefur víðast haft þau áhrif að rekstur sveitarfélagsins þyngist, því ekki leigjast allar íbúðir út, og leigutekjur standa ekki undir öllum kostnaði. Hjá Ísafjarðarbæ hefur útleiga gengið nokkuð vel enda rúmlega 500 manns sem leigja íbúðir af bænum. Er í þeim hópi traustir leigjendur til margra ára. Misjafnt er hjá sveitarfélögum landsins hvernig gengur að leigja út íbúðir. Sums staðar eru flestar íbúðir í útleigu en

annars staðar eru dæmi um að 30-40% séu auðar.

III

Í nokkrum sveitarfélögum eru til dæmi um að félagslegt húsnæði sé í það lélegu ástandi að það geti verið skynsamlegt að rífa það. Til þessa hefur það ekki verið mögulegt vegna veðskulda sem á slíku húsnæði hvíla.

Nefnd um breytingar á húsnæðislögum og bættu stöðu sveitarfélaga

Ísafjarðarbær hefur beitt sér mjög á undanförunum árum fyrir bættu stöðu félagslega húsnæðiskerfisins. Eftirkynningu á skýrslum, fundum og ýmsu samráði við félagsmálaráðherra og viðkomandi stofnanir ritaði undirritaður f.h. Ísafjarðarbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga bréf, í ágúst árið 2000 þar sem farið var fram á að skipuð yrði nefnd á landsvísu til að taka á þeim vanda sem sífellt væri að aukast vegna reksturs félagslega húsnæðiskerfisins. Samkomulag náðist milli Sambands sveitarfélaga og félagsmálaráðherra um að skipuð yrði nefnd sem ynni að lausnum fyrir landið í heild. Var undirritaður skipaður í þá nefnd og hefur hún starfað í eitt og hálf ár. Frumvarp ráðherra sem nú hefur verið lagt fram er byggt á störfum þessarar nefndar og samkomulagi hans, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun þeirra aðgerða sem farið skal í eftir að breytingar hafa verið gerðar á húsnæðislögnum.

Ófár skýrslur um stöðu húsnæðismála voru samdar á árunum 1994-1999. Fyrst kom skýrsla frá Bolungarvík um stöðuna, síðan skýrsla sem Ísafjarðarbær lét semja, þá skýrsla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og síðast skýrsla 1999 frá sérstakri nefnd embættismanna úr ráðuneytum. Staðan í öllum þessum skýrslum var ágætlega skilgreind, allir sammála um að eitthvað þyrfti að gera en lítið gerðist.

Með frumvarpi félagsmálaráðherra er viðurkennd nauðsyn þess að ríkisvaldið komi frekar að þessum málaflökki. Áhrif frumvarpsins verða jákvæð fyrir sveitarfélög sem hafa um margra ára skeið átt í erfiðleikum með rekstur fjölda innlausnaríbúða. Unnið er eftir hugmyndafræði sem nefndin um húsnæðismál gerði tillögur um en fjármögnunin er byggð á samkomulagi félagsmála- og fjármálaráð-

herra við Samband íslenskra sveitarfélaga. Undirritaður ásamt öðrum fulltrúum sveitarfélaga í nefndinni hefur gert fyrirvara við fjárhæðir og telur þær of lágar af hálfu ríkisins. Engu að síður er um mjög jákvætt skref að ræða.

Félagslega húsnæðiskerfið eftir breytingar skv. frumvarpinu

I

Ekki verður lengur beðið eftir fjármunum af sölu íbúða á svæðum þar sem markaðsverð er hærra en innan félagslega húsnæðiskerfisins. Ríkisvaldið kemur með fjármagn til að færa niður lán á íbúðum sem seldar eru út á almennan markað. Um takmarkað fjármagn er að ræða enda verður ekki skynsamlegt hjá hverju og einu sveitarfélagi að selja margar íbúðir hverju sinni. Taka verður tillit til fasteignamarkaðarins í hverju sveitarfélagi fyrir sig og gæta þess að hafa ekki neikvæð áhrif á markaðinn.

Þetta hefur þau áhrif að eigendur íbúða á markaðssvæðum þar sem söluverð er hærra en skilgreint verð innan kerfisins, geta selt sínar íbúðir sjálfir. Kaupskylda sveitarfélaganna verður þó áfram virk í samræmi við lög frá 1998 óski eigendur eftir því að sveitarfélagið kaupi.

II

Nefndin vann reiknilíkan sem tekur á rekstri leiguíbúða í öllum sveitarfélögum landsins. Hjá sumum sveitarfélögum er um að ræða halla á rekstri sem viðkomandi sveitarfélag hefur þurft að bera alfarið sjálf. Með frumvarpinu er komið til móts við þessi sveitarfélög með fjárframlagi til rekstrar þar sem málaflökkin er hvað þyngstur. Fyrre greint reiknilíkan mun skera úr um þörf hvers og eins sveitarfélags. Í tilfalli Ísafjarðarbæjar mun þetta hafa jákvæðar breytingar í för með sér varðandi rekstur leiguíbúða bæjarfélagsins.

III

Verði frumvarpið að lögum verður Íbúðalánasjóði heimilað að afskrifa lán sem hvíla á eignum sem metnar eru ónýtar eða ónothæfar á markaði. Getur þetta haft í för með sér niðurrif eigna sem eru innan félagslegra kerfisins en hafa jafnvel staðið auðar um nokkurra ára skeið. Er hér um mikilvægt skref að ræða því sums staðar standa félagslegar íbúðir eða einbýlishús sem engin þrýði er að fyrir viðkomandi byggðarlög.

Með frumvarpi félagsmálaráðherra er verið að stíga mik-

ilvægt skref í átt til þess að bæta rekstrarumhverfi sveitarfélaga. Með því viðurkennir ríkisvaldið kröfu sveitarfélaganna um frekari aðkomu þess að málaflökkin. Undirritaður hefur lagt mikla áherslu á það í vinnu nefndarinnar að málaflökkin er svo umfangsmikill á landsvísi að hann þarf nast stöðugrar endurskoðunar. Því verður að meta reynsluna af þessum breytingum reglulega og fylgjast enn betur með þróun mála hjá sveitarfélögum en verið hefur.

Ísafjarðarbær mun á næstunni stofna hlutafélag um rekstur félagslegra leiguíbúða í bænum í samræmi við stefnu bæjarstjórnar. Er það gert í þeim tilgangi að afmarka málaflökkin betur sem rekstrareiningu og leita enn frekari hagræðingar í rekstri. Staða leigjenda mun ekki breytast við slíka aðgerð.

„Sveitarstjórnarmenn hafa flotið sofandi að feigðarósi“



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar skrifar

Hagræðing hefur átt sér stað á undanförunum árum með algerri endurskoðun allra lána, skuldbreytinga þar sem það hefur verið hagkvæmt og með breyttum reglum um útleigu og ábyrgðir. Óskilgreindur vanskilapakki hefur fylgt málaflökkin um langa hríð eða allt frá árinu 1992 en búið er að skilgreina hann núna og starfsmenn bæjarins eru að vinna með Íbúðalánasjóði við að leiðrétta stöðuna gagnvart

Ísafjarðarbæ.

Félagsleg húsnæðismál eru því orðinn vel afmarkaður og skilgreindur málaflökkin hjá Ísafjarðarbæ. Verði frumvarp félagsmálaráðherra að lögum mun rekstur málaflökksins verða enn viðuráðanlegri hjá bænum sem þýðir auðvitað að fjármagn sem sparast nýtist þá í aðra málaflökka og til að gera enn betur í málaflökkinum húsnæðismál.

Halldór Halldórsson.



Tvíburapörin fimm sem eru á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði.

Fimm pör tvíbura á leikskólanum Eyrarskjóli

Fimm pör tvíbura eru um þessar mundir á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði. Tvíburarnir spanna flesta aldurshópa leikskólans og er yngsta parið aðeins eins og hálfis árs en það elsta hverfur senn úr skólanum. Sigurlína Jónasdóttir, leikskólustjóri, segir það aldrei hafa komið fyrir áður að svo margir tvíburar hafi verið á leikskólanum og hugsanlegt að hér sé um einsdæmi að ræða hérlendis. Hún sagði

krakkana mjög fjöruga og ekki hafi orðið teljandi vandræði að þekkja þá í sundur þótt líkir séu. Sigurlína sagði vorfiðring vera kominn í krakkana og að þá hlakkaði mikið til sumarsins og sérstaklega til ferðar sem farin verður í sveitina í vor. Tvíburarnir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara blaðsins í síðustu viku. Aftari röð frá vinstri: Sigurður Aron og Sara Rut, fædd 1996. Foreldrar eru Þórhildur Sigurðardóttir og Snorri Jónsson. Margeir og

Þorbergur, fæddir 1997. Foreldrar eru Ingibjörg Einarsdóttir og Haraldur Júlíusson. Fremri röð frá vinstri: Þórir og Eggert, fæddir 1998. Foreldrar eru Dagrún Dagbjartsdóttir og Halldór Jónsson. Jóhanna Ósk og Ína Guðrún, fæddar árið 2000. Foreldrar eru Ingibjörg Guðmundsdóttir og Gísli Úlfarsson. Patrekur Darri og Þorsteinn Ýmir. Foreldrar eru Jenný Árnadóttir og Hermann Þorsteinsson.

Þann 25. maí nk. verður kosið til sveitarstjórnar í Ísafjarðarbæ eins og víðar á landinu. Líklegt má telja að kosningabaráttan verði líflæg, því sex listar verða í boði; listi Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Vinstri-grænna, Frjálslyndra, og þar að auki listi nýstofnaðs bæjarmálafélags í Ísafjarðarbæ. Halldór Jónsson, fiskverkandi á Ísafirði og fyrrverandi bæjarfulltrúi sjálfstæðismanna, er einn af stofnendum hins nýja félags. Hann segir töluverða óánægju ríkja með ýmislegt í stjórnun sveitarfélagsins og einnig með samskipti stjórnmalamanna á sveitarstjórnarstiginu og á landsvísu.



Breytinga er þörf í stjórnun og stefnu sveitarfélagsins

Byrjaði ungur að skipta sér af pólitík

Eins og áður segir hefur Halldór lengi verið í Sjálfstæðisflokki og sat í bæjarstjórn Ísafjarðar og síðar Ísafjarðarbæjar fyrir flokkinn.

„Fyrir fjórum árum hætti ég svo í bæjarstjórn. Það gerðust gleðilegir atburðir í minni fjölskyldu sem urðu þess valdandi að ég ákvað að draga mig í hlé. Ég var líka orðinn þreyttur á sumu samstarfsfólkinu. Sumt fólk er bara ekki samstarfshæft.

Ég byrjaði mjög ungur að skipta mér af pólitík og hafði lengi unnið með Sjálfstæðisflokki. Menn verða að passa sig á því að lokast ekki inni í flokkunum og gleyma að horfa á hlutina utanfrá. Vandamálið er líka það að flokksstarfið er mjög dauft og það skapar einangrun. Ég ákvað þess vegna fyrir fjórum árum að draga mig einfaldlega út úr öllu pólitísku starfi og hugsa hlutina upp á nýtt.”

Verður að virkja óflokksbundna

„Það er ekkert launungarmál að við sem búum á Vestfjörðum höfum átt mjög undir högg að sækja á undanföllum árum. Okkur fer sifjell fækkandi, við höfum verið að glata atvinnutækifærum og svo framvegis. Þegar maður fær tækifæri til að skoða hlutina utan frá og hættir að horfa á hlutina í gegnum flokksglýrnurnar fer maður að sjá að vandinn liggur kannski í pólitísku

kerfinu sem slíku. Allir flokkarnir eru samábyrgir í þessum málum og menn hafa oft átt í vandræðum með að tala tæpitungulaust. Þannig hafa þeir oft verið tregir til að koma af stað einhverri vitrænni umræðu um það hvar rætur okkar vanda liggja.

Eftir að hafa rætt þessi mál við hina og þessa var ákveðið að menn myndu leiða saman hesta sína og reyna að vinna á þessum vandamálum. Staðreyndin er sú að áhugi á pólitísku starfi hefur minnkað alveg ofsalega upp á síðkastið eins og ég sagði áðan og það er orðinn mjög lítill hópur manna sem tekur mjög stórar ákvarðanir um okkar mál. Verkefni hafa að undanföllum verið að færast frá ríki til sveitarfélaga og er það vel. Aftur á móti er það ótækt að fimm eða tíu manns taki ákvarðanir inni í þessum flokki sem stjórna öllu í þessu samfélagi. Það getur aldrei orðið okkur til hagsbóta og þegar áhugi manna til að skipta sér af sínu nánasta umhverfi er orðinn svona lítill þá er eitthvað að. Stofnun bæjarmálafélagsins er því kannski tilraun til að virkja fólk til þátttöku í stjórnun sveitarfélagsins. Það eru margir hæfir í bænnum sem hafa ekki fengist til þátttöku hingað til því þeir hafa ekki verið tilbúnir að taka pólitísku afstöðu með einum eða öðrum flokki. Það er mikilvægt að virkja þessa menn til þátttöku og ég held að fleiri séu fúsir ef framboðið er óflokksbundið.”

Undarlegar átakalínur

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að flokkspólitík hafi ekkert að gera í sveitarstjórnarmálum. Maður sér að það eru engin stór ágreiningsefni í sveitarstjórnarpólitík sem merkja má einhverjum ákveðnum flokkum. Það er í raun enginn regin munur á stefnu flokkanna í bæjarmálum, heldur er miklu frekar stefnumunur milli fólks innan flokkanna. Þess vegna er það ekki spurning um þennan flokk eða hinn, heldur hvaða menn veljast til starfa.

Mér finnst mjög undarlegt og oft á tíðum grátbroslegt hvaða mál hafa fengið forgang hjá núverandi bæjarstjórn. Þannig var á dögunum ákveðið að Ísafjarðarbær ætti að verða kjarnorkuvopnalaust svæði, þó svo að hingað hafi aldrei komið kjarnorkuvopn og engar fyrirætlanir séu uppi um að senda þau til bæjarins. Síðan er mikið rifist um það hvort selja eigi léttvín og bjór í matvöruverslunum. Eru þetta átakalínurnar í pólitíkinni? Þó að þetta séu smámál þá sýnir þetta á hversu lágu plani sveitarstjórnin starfar. Menn eru að hnakkirfast um smáatriði til þess að leiða huga almennings frá stórum málum um sem stjórnmalamennirnir er hræddir við að taka á.

Eitt af stærstu vandamálum er klaufalegur rekstur sveitarfélagsins. Tekjur eru ekki nægar til þess að standa undir þeim útgjöldum sem ákveðin eru. Menn verða að hafa kjark til þess að haga þjónustunni í samræmi við tekjur.”

Höfum sama rétt og aðrir til opinberra starfa

„Okkar helstu vandamál í Ísafjarðarbæ eru svo sem engin önnur en þau sem menn glíma við annars staðar á landsbyggðinni. Aðallega er þetta spurning um hugarfar þeirra sem stjórna landinu og að lögin fari að virka almennilega. Hér á að vera jafnrétti til náms, hér á að vera jafn aðgangur að heilsugæslu og svona mætti lengi telja. Það stjórnarkerfi sem við búum við núna virkar ekki og hugarfar Alþingis gagnvart landsbyggðinni er eitthvað sem þarf að breyta. Ef menn vilja setja í gang eitthvað verkefni á landsbyggðinni virðist alltaf þurfa að verja þær fyrirætlanir í bak og fyrir.

Þegar verið er að setja upp nýjar stofnanir og skapa ný störf á vegum hins opinbera í Reykjavík þykir það sjálfsagt mál. Menn eiga að sjálfsögðu að spyrja sig fyrst að því hvort að einhver þörf sé fyrir þessi nýju störf, og síðan af hverju þau eigi að vera í Reykjavík. Við erum ein þjóð sem búum í þessu landi og við sem búum utan suðvesturhornins eigum að hafa sama rétt og hinir til þessara starfa.”

Verðum að víkka sjóndeildarhringinn

„Síðan eru það náttúrlega nokkur sér-vestfirsk mál sem veða þyngra hér en annars staðar. Við höfum orðið fyrir

miklum búsefjum út af samdrætti í sjávarútvegi svo dæmi sé tekið, bæði af manna- og náttúrunnar völdum. Ég vil hins vegar segja að við erum farin að einblína um of á einhverjar lausnir í sjávarútvegi. Umræðan snýst endalaust um einhverjar smávægilegar lagfæringar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, en á meðan gleyma menn öðrum hlutum. Ég spyr hvort að við séum ekki komin í svipaða stöðu og Austfirðingar sem hafa í fjölda ára beðið eftir álveri sem virðist ekki vera á leiðinni.

Nú er verið að tala um að koma á fót kvótasjóði og í byggðaáætlun er talað um 1.000 tonn fyrir alla Vestfirði sem eiga að vera eitthvað bjargræði. Þetta eru því líkir smámunir sem muna engu fyrir íbúa svæðisins, en kosta fjárfestingu upp á einn milljarð króna. Við höfum enga ástæðu til taka þessa fjárhagslegu áhættu fyrir svo lítinn ávinning. Hvaða skoðun sem menn hafa á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, þá er það alveg ljóst að það er ekki fært að kaupa til baka það sem selt hefur verið héðan. Síst af öllu fyrir peninga úr bæjarsjóði.

Við verðum að fara að horfa aðeins í kringum okkur. Flytja menn vestur vegna þess að þeir vilja fara að vinna í fiski eða hafa þeir aðrar ástæður? Við verðum að hafa kjark til þess að víkka sjóndeildarhringinn og athuga fleiri leiðir til framdráttar Vestfjörðum.

Við eigum vísindamenn á heimsmælikvarða í öllu sem lítur að veiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Þar liggja gríð-

arleg tækifæri. Við eigum að beita sveitarfélaginu til þess að leiða saman þessa vísindamenn okkar og gera út á nýja hugsun í veiðum og umgengni við sjávardýr. Þar er hægt að skapa vísinda- og hátækni-störf sem yrðu eftirsótt.

Afréttur okkar Vestfirðinga getur skapað mörg tækifæri ef vel er að málum staðið. Þá er ég ekki að tala um þann landbúnað sem nú er stundaður heldur nýjar og arðbærar greinar sem hægt væri að koma á fót með breyttu hugarfari.”

Ótækt að sofið sé á verðinum

„Í Ísafjarðarbæ hafa á undanföllum árum verið gerð ör-lagarík mistök í rekstri sveitarfélagsins. Nefni ég þar sem dæmi klúðrið í uppbyggingu hafnarinnar á Ísafirði. Það hafði verið stefna hafnarstjórnar í mörg ár að endurnýja gömlu höfnina, lífhöfn okkar hér við Djúp. Þegar komið var að því að endurnýja Ásgeirsbakkann hætti núverandi og þáverandi bæjarstjórn við og ákvað í staðinn að lengja vöruhöfnina í Sundahöfn. Það sáu allir sem vildu sjá að vöru-flutningar á sjó væru því miður að dragast saman og færast á vegina. Þarna var kastað tugmilljónum króna í algerlega ónauðsynlega framkvæmd. Framkvæmd sem engu skilar og ennþá er lífhöfnin að hrúni komin.

Eitt helsta vopnið sem við höfum er okkar atkvæðisréttur og við verðum að beita honum

Öryggismál sjómanna og verk- efni Rannsóknarnefndar sjóslysa

Þegar ég tók við embætti samgönguráðherra einsetti ég mér að efla alla þætti sem lúta að öryggismálum sjómanna. Að því hefur verið unnið af hálfu ráðuneytisins í samstarfi margra aðila.

Dagblaðið hefur að undanförnu gert tilraunir til þess að gera starfsemi Rannsóknarnefndar sjóslysa tortryggilega. Ekki er ljóst hver tilgangurinn er með þeim skrifum. Það er hins vegar ágætt að blaðið hafi sérstakan áhuga á að vekja athygli á mörgum og mikilvægum verkefnum samgönguráðuneytisins. Þar er af mörgu að taka sem nauðsynlegt er að kynna. Viðkomandi blaðamenn virðast ekki hafa áttað sig á þeim mikilvægu breytingum, sem hafa orðið á sjóslysarannsóknnum og öryggismálum sjófarenda það sem af er þessu kjörtímabili, undir minni forystu. Vegna þess hversu öryggismál sjófarenda hafa verið mikið til umfjöllunar í ráðuneytinu er rétt að vekja athygli lesenda á nokkrum staðreyndum þar um.

Gildistaka reglugerðarinnar um sleppibúnað björgunarbáta

Sjálfvirkur sleppibúnaður er án efa eitt mikilvægasta björgunartækið um borð í fiskiskipum. Búnaðurinn var upphaflega lögfestur með reglugerð frá árinu 1982, þar sem kveðið var á um handvirkan fjarstýrðan búnað og sjálfvirkan búnað. Þessi búnaður átti að vera kominn í öll þilfarsskip árið 1984. Miklar deilur urðu um kröfur til búnaðarins og túlkun á þeim, sem varð til þess að nýjar reglur voru settar árið 1988, þar sem Iðntæknistofnun var falið að þróa prófunaraðferð. Enginn búnaður fékk viðurkenningu á grundvelli reglnanna og voru nýjar reglur um sjálfvirkan sleppibúnað settar árið 1994 þar sem heimild Siglingastofnunar til að viðurkenna búnað var aukin.

Þeim reglum var frestað með eftirfarandi reglugerðum: 14/1995, 18/1996, 359/1996 og 705/1996. Nýjum reglum frá 1997 var ætlað að auðvelda gildistöku ákvæða um sjálfvirkan sleppibúnað, en var engu að síður frestað tvisvar árið 1998, í síðara skiptið til 1. janúar 2000. Ég ákvað hins vegar tveimur mánuðum eftir að ég varð samgönguráðherra að flýta gildistöku til 1. september 1999 og taldi ráðuneytið þá aðlögun sem gefin var vera nægilega. Svo reyndist vera og náðist

góð sátt um framkvæmdina. Þar með var stórum áfanga náð í öryggismálum sjómanna á Íslandi. Það, að koma sjálfvirkum sleppibúnaði í öll þau skip sem reglurnar náðu til, var mikið verk og kostnaðarsamt fyrir útgerðirnar.

Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu

Á síðasta ári var undirritaður samningur á milli samgönguráðherra og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Samningurinn felur í sér skilgreiningu á þeim verkefnum sem Slysavarnafélagið tekur að sér og jafnframt eru skilgreind þau framlög sem ríkið leggur til þeirra verkefna sem félagið annast til viðbótar við hefðbundin verkefni á sviði öryggis- og björgunarmála. Þessi samningur var tímamótasamningur og ber að fagna því hversu gott samstarf hefur tekist milli ráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Helstu þættir samkomulagsins eru:

- Umsjón og rekstur Slysavarnaskóla sjómanna.
- Rekstur Tilkynningaskyldu íslenskra skipa.
- Rekstur þjálfunar og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum.
- Rekstur björgunarbáta.

Með samningnum eru þau verkefni skilgreind sem framlög ríkisins renna til. Megin markmið samningsins er að stuðla að bættu öryggi íslenskra skipa og þeirra sem sjómennsku stunda með því að tengja saman með formlegum hætti afl og kunnáttu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hina stjórnskipulegu ábyrgð og markmiðssetningu ráðuneytisins.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda

Í upphafi starfs míns sem samgönguráðherra setti ég af stað vinnu við gerð langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Lagði ég fyrir þingið sérstaka tillögu sem var samþykkt sem ályktun Alþingis. Á árinu 2001 voru veittar 10 milljónir til þess að framkvæma ályktunina og á þessu ári voru á fjárlögum veittar 15 milljónir króna til þessa málefns sem Siglingastofnun fer með og hefur skipulagt í samstarfi við fjölmarga aðila. Unnin hefur verið skýrsla um framvindu þessa mikilvæga verkefnis og lögð fyrir Alþingi. Geta menn kynnt sér verkefnið, sem unnið er að í þeirri skýrslu, en hún er auk þess aðgengileg á netinu á heimasíðu samgönguráðuneytisins.

Tilgangur með þingsályktun um langtímaáætlun í ör-

„Þegar ég tók við embætti samgönguráðherra einsetti ég mér að efla alla þætti sem lúta að öryggismálum sjómanna“



Sturla Böðvarsson,
samgönguráðherra skrifar



ygismálum sjófarenda er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda og að unnið verði í fyrsta áfanga eftir sérstakri áætlun í þeim málum á árunum 2001 til og með 2003. Markmið áætlunarinnar er að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra, sem og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt er að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki fram til ársins 2004.

Rannsóknarnefnd sjóslysa efla með nýrri löggjöf, bættri aðstöðu og auknu starfi

Allt starf Rannsóknarnefndar sjóslysa hefur verið endurskipulagt í kjölfar nýrra laga sem ég beitti mér fyrir að væru sett um rannsóknir sjóslysa á árinu 2000. Jafnframt hafa fjárveitingar til starfs nefndarinnar verið auknar. Allt tal um vandræði nefndarinnar vegna fjárskorts eiga ekki við rök að styðjast eins og nefndarmenn hafa greint frá opinberlega. Með flutningi nefndarinnar í húsnæði Flugmálastjórnar við flugvöllinn í Stykkishólmi er verið að spara nefndinni og þar með ríkissjóði leigu á húsnæði á dýrasta stað í höfuðborginni, en nefndin var í Hafnarhúsinu í Reykjavík.

Jafnframt því að ráða framkvæmdastjóra til nefndarinnar

hefur verið ráðinn annar starfsmaður, sem vinnur að rannsóknnum, auk þess sem fyrrverandi starfsmaður RNS var ráðinn til þess að skrá og yfirfara gögn vegna sjóslysa síðustu áratuga. Um það verkefni var gerður sérstakur samningur sem viðkomandi starfsmanni er auðvitað gert að standa við. Það verkefni er liður í því að rannsaka og greina orsakir slysa. Allt miðar þetta aukna og endurbætta starf við sjóslysarannsóknir að því takmarki að draga úr þeim hættum sem valda sjóslysum og að auðvelda rannsóknir vegna sjóslysa. Fjárveitingar til RNS eru miðaðar við venjubundna starfsemi. Verði slys, sem kallar á kostnaðarsama rannsókn, eru fengnar sérstakar fjárveitingar til þeirra verkefna. Sama gildir um rannsóknir flugslysa. Tilraunir einstakra fjölmiðla, til þess að gera starf Rannsóknarnefndar sjóslysa tortryggilegt, eru óskiljanlegar og sýna á hvers konar villigötum sumir fjölmiðlar eru.

Ég hvet áhugamenn um öryggismál sjómanna til þess að kynna sér stöðu þessara mála með því að leita upplýsinga hjá Siglingastofnun og Rannsóknarnefnd sjóslysa. Stefna ráðuneytisins er skýr og hún kemur fram í stóruaknum aðgerðum á sviði öryggismála.

Sturla Böðvarsson,
samgönguráðherra.

til hagsbóta fyrir okkur sem hér búum. Þegar ljóst var að koma myndu fleiri framboð en sumum hentar hafa stigið fram á ritvöllinn leigupennar frá Sjálfstæðisflokknum sem vilja ekki láta nafn sins getið og sagt, meðal annars í þessu blaði, að nú sé virkilega þörf á samstöðu og að menn eigi að flykkja sér á bakvið þá sem stjórn að hafa bænum síðustu ár. Ég er alveg sammála því að við þurfum að standa saman, en samstaða um óbreytt ástand er eitthvað sem ég vil alls ekki. Þá kýs ég frekar ósamstöðu.

Menn verða að vera sífellt á verði og gæta að hagsmunum svæðisins, en ekki sofa á verðinum eins og nú um daginn þegar byggðaráætlunin fræga kom út. Hún kom fram eftir tveggja ára vinnu innan ríkisstjórnarflokkanna, sömu flokka og eru hér í meirihluta í bæjarstjórn. Það þýðir ekkert að segja mér að þessi vinna hafi verið unnin af einni manneskju og að ekkert hafi verið rætt við sveitarstjórnarmenn vestra, sem þó sögðust allir koma af fjöllum þegar skýrslan kom út. Hvar var þetta fólk meðan verið var að vinna að skýrslunni. Svo átti að redda þessu klúðri með einhverri sér-vestfirskri byggðáætlun sem enga athygli hlaut. Enda er hún endalaus upptalning um hluti út og suður. Það er ekki hægt að gera allt, allsstaðar, fyrir alla. Ef við eigum að komast áfram verðum við að fara að forgangsraða verkefnum. Til þess þarf auðvitað kjark og þann kjark eiga kjörnir fulltrúar okkar að hafa.”

Menn verða að geta talað tæpitungulaust

Halldór segir að flokkspólitík eigi ekki heima í sveitarstjórnarmálum. Þurfti hann á sínum tíma í bæjarstjórn að taka við skipunum frá flokksstjórn Sjálfstæðisflokksins? „Þetta er kannski ekki spurning um að fá upphringingar að sunnan og nákvæmar skipanir um hvernig gera eigi hlutina. Aftur á móti er það þannig að þegar tekist er á innan flokks um hagsmuni sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar hafa hagsmunir ríkisvaldsins orðið ofan á. Það er nóg að horfa á foringja ríkisstjórnarflokkanna, Davíð og Halldór, til að sjá að það ilmar ekki allt af gagnrýninni umræðu í þeim flokkum.

Þetta er eitthvað sem við getum ekki sætt okkur við. Til að halda lífi í samfélaginu fyrir vestan verðum við að geta komið okkar sjónarmiðum á framfæri án þess að vera hrædd um að lenda í ónáð hjá flokksforystunni.”

Verður að stokka upp í opinbera geiranum

Halldór er mikill talsmaður þess að flytja eigi sem flest opinber störf út á land. Finnst honum ekki undarlegt að á meðan ein ríkisstofnun er flutt

frá Reykjavík með gríðarlegum kostnaði og mikilli óvild spretta upp tíu nýjar stofnanir syðra? „Það er náttúrulega alveg út í hött hvernig að þessu hefur verið staðið. Menn hafa gert ofsalega lítið en með svakalegum látum, enda er engin skipulögð stefna til í þessum málum. Ráðherrarnir eru alltaf að redda einhverju í flýti. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfa að stokka upp allan opinbera geiran. Það eru til held ég hátt í 300 ríkisstofnanir og menn eiga að taka þær allar til endurskoðunar. Menn eiga að spyrja sig að því hvort þörf sé fyrir allar þessar stofnanir og síðan hvar þær eiga að vera staðsettar.

Það er mjög mikilvægt að stefnt sé að því með markvissum hætti að færa stofnanir út á land. Ég er miklu frekar að tala um markvissa stefnu til nokkurra ára heldur en ótímabær upphlaup. Aðalmálið er að það fólk sem nú er í efri bekkjum grunnskóla sjái að það eigi möguleika á fjölbreyttum störfum á landsbyggðinni.

Í framtíðinni verður stefna Ísafjarðarbæjar að vera sú að veðja á unga fjölskyldufólkið. Gera allt til þess að hér líði því vel og hér geti það fundið sig.

Ég á voðalega erfitt með að vorkenna þeim ríkisstarfsmönnum sem verða fyrir barðinu, ef svo má segja, á þessari stefnu. Við Vestfirðingar og landsbyggðarfólk allt, höfum mikla reynslu af því að atvinnan flytjist annað og getum eflaust gefið ráðleggingar þeim sem telur sig illa leikinn ef stofnun hans er flutt. Auðvitað er þetta röskun fyrir fólk, en svona er bara lífið.”

Stendur og fellur með byggðinni

Fyrir stuttu héldu Halldór og félagar stofnfund hins nýja bæjarmálaráðgjafar. Framboðslistinn er ekki mótaður og félagið hefur ekki enn hotið nafn. „Á fundinum var kosin stjórn og henni fengið þrjú þætti verkefni; Búa til lista, semja stefnuskrá og finna nafn á félagið og leggja það fyrir félagsfund.

Það skiptir öllu máli með hvaða hugarfari menn bjóða sig fram til setu í sveitarstjórn. Sumir gera það til að fá eina línu í viðbót í minningargreinina og aðrir gera það til að maka krókinn fyrir sjálfan sig. Ég segi fyrir mína parta að mér þykir vænt um þetta samfélag hér vil ég vera. Hér á ég mitt hús og hef fjárfest í atvinnurekstri og þegar svoleiðis er háttað stendur maður og fellur með því að hér verði blómleg byggð í framtíðinni. Að börnin sem alast hér upp þurfi ekki að verða annarsflokks borgarar. Í framtíðinni verður stefna Ísafjarðarbæjar að vera sú að veðja á unga fjölskyldufólkið. Gera allt til þess að hér líði því vel og hér geti það fundið sig.

Þetta er eina ástæðan fyrir því að ég vil taka þátt í stjórnun sveitarfélagsins.”

Sterkar líkur á skip frá félaginu komi til Ísafjarðar

Nicky Mortimer, starfsmaður skipafélagsins Holland America Line Inc., sem gerir út stór skemmtiferðaskip sem sigla um öll heimsins höf, var stödd á Ísafirði fyrir stuttu ásamt fríðu föruneyti í því skyni að kanna aðstæður í bænum og næsta nágrenni til móttöku ferðamanna, en Mortimer starfar við skipulagningu svokallaðra „Shore excursions“, eða stuttra landferða sem farþegum skemmtiferðaskipanna er boðið upp á.



Nicky Mortimer, til hægri og Sandra Jamison ásamt Geir Guðmundssyni við Ósvör.



Langar þig að búa á eyrinni? Þá er þetta tækifærið!

Til sölu er húseignin að Hróngötu 3 á Ísafirði. Frábært hús á frábærum stað. Sjón er sögu ríkari. Hafið samband og kannið hvort þetta sé ekki einmitt það hús sem þig hefur alltaf dreymt um.

Upplýsingar gefur Nína Óskars í síma 897 0765.

Að sögn Rúnar Óla Karlssonar, ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar, sem tók að sér kynna Mortimer aðstæður hér vestra, ríkti mikil ánægja með ferðina og eru sterkar líkur á að Holland America Line geri Ísafjörð að einum af föstu áfangastöðum sínum í framtíðinni.

Meðal þess sem Mortimer kynnti sér á Ísafirði og nágrenni var Byggðasafn Vestfjarða, Holt í Önundarfirði, Ósvör í Bolungarvík auk þess sem farið var í Vigur. Skíðasvæðið á Seljalandsdal var einnig skoðað og vakti það mikla hrifningu að sögn Rúnar Óla, sem og aðstæður við Ísafjarðarhöfn. Mortimer og aðstoðarkona hennar, Sandra Jamison, voru í ferðalok leyst-

ar út með glösum af ísfirka ilmvatninu True Viking.

Rúnar Óli segir aðdraganda heimsóknarinnar vera þann að hann hitti nýverið Signýju Eiríksdóttir, sem sér um skemmtiferðaskip hjá Ferðaskrifstofu Íslands, á ráðstefnu í Miami þar sem afráðið var að Ísafjörður yrði einn af áfangastöðum Mortimer í fyrirhugaðri könnunarferð hennar um Ísland. Þó svo að undirtektir við kynningunni hafi verið góðar geta Vestfirðingar ekki farið að láta sig hlakka til heimsókna skemmtiferðaskipa frá Holland America Line Inc., í bráð, þar eð öll skipulagning þar á bæ er unnin langt fram í tímann og er Ísafjörður ekki í myndinni fyrr en árið 2004.

Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal

Smíðar hurðir fyrir Barnaspítala Hringins

Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal gekk í síðustu viku frá samningum við byggingafyrirtækið ÓG Bygg ehf. um að annast smíðar á öllum innri hurðum í húsnæði Barnaspítala Hringins, sem hefur verið í smíðum í nokkurn tíma. Fær Trésmiðjan 33 milljónir króna í sinn hlut fyrir verkið, en samninga-

viðræður vegna þess hafa staðið yfir í á þriðja mánuð. Búið er við því að vinna við smíðarnar hefjist í næstu viku, en hurðirnar eru af þremur mismunandi gerðum og um 350 talsins. Áætluð verklok eru um miðjan ágústmánuð.

„Það er alltaf ánægjulegt að fá svona stór verkefni, en

það hefur verið minna um þau undanfarið en áður var“, segir Magnús Geir Helgason, framkvæmdastjóri Trésmiðjunnar.

„Það hefur þó verið nóg að gera hjá okkur undanfarið, eini munurinn er sá að við sinnum meira smærri verkefnum fyrir einstaklinga heldur en þeim stærri. Það eru

yfirleitt átta manns við vinnu hér og við höfum ekki þurft að segja neinum upp þrátt fyrir að talað sé um samdrátt í byggingargeiranum. Það er frekar að við þyrftum að bæta við manni. Það er alls staðar hægt að fá verkefni ef maður bara ber sig eftir þeim“, sagði Magnús Geir.

Sveitarstjórnarkosningarnar 2002

Heiti pottur D-listans

Frambjóðendur D-listans í Ísafjarðarbæ efna á næstunni til opinna morgunfunda þar sem fjallað verður um margvíslegar hliðar atvinnulífs, menningar og mannlífs í Ísafjarðarbæ. Fundir þessir verða óformlegir og gefst þar öllum tækifæri að koma sjónarmiðum sínum, skoðunum og hugmyndum á framfæri við frambjóðendur. Afrakst-

ur þessara funda, sem nefnast „Heiti potturinn“, verður notaður til stuðnings og leiðbeiningar við stefnuskrágerð D-listans fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Í þessari viku verður Heiti potturinn þrjá morgna kl. 7-9 í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins að Hafnarstræti 12 á Ísafirði. Fólk getur komið og farið hvenær sem er á þeim tíma en léttar morgunveitingar

verða í boði. Þessi tími ætti að henta mörgum á leið þeirra til vinnu. Í Heita pottinum á þriðjudag var fjallað um atvinnumál í bæjarfélaginu og í morgun voru menntamálin til umræðu en í fyrramálið verður potturinn helgaður menningarmálum í bæjarfélaginu.

„Ýmsir fleiri Heitir pottar verða síðan kynntir þegar nær dregur og verða þeir á fleiri

stöðum í bæjarfélaginu. Þessir fundir eru síður en svo einskorðaðir við stuðningsmenn D-listans, heldur er þeim ætlað að gefa sem gleggsta mynd af því sem á fólki, fyrirtækjum, félögum og stofnunum brennur þessi árin. Þess vegna er brýnt að sem allra flestir leggi orð í belg og ræði málin á þessum morgunfundum,“ segir í frétt frá D-listanum.



ÍSAFJARÐARBÆR

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þar sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram þann 25. maí nk. er íbúum Ísafjarðarbæjar bent á, að tilkynningar um búsetuskipti þurfa að hafa borist skrifstofum Ísafjarðarbæjar eigi síðar en 3. maí nk. svo viðkomandi aðili sé á réttum stað á kjörskrá.

Forðumst vandræði á kjördag, göngum frá málinu í dag!

Manntalsfulltrúi Ísafjarðarbæjar.

LEIKSKÓLINN SÓLBORG

Deildarstjóri óskast til starfa. Um er að ræða 80-100% stöðu. Leitað er að leikskólakennara með hlýlega framkomu, sem er opinn í samskiptum og er skipulagður. Staðan er laus frá 1. júlí 2002.

Afleysingar:

Ef þú hefur áhuga á börnum og vilt vinna með hressu fólki, vertu velkominn til okkar. Um er að ræða 100% stöðu sem er laus frá 14. ágúst 2002. Aldur: 18 ára og eldri.

Ræstitæknir óskast einnig því hún Erna okkar er að hætta. Við þurfum því einhvern í hennar stað. Vinnutími er frjálst og er um 2,5 til 3 klukkutímar á dag. Laust frá 2. maí 2002.

Nánari upplýsingar um störf gefur leikskólastjóri í síma 456 3185 eða á netfanginu is@isafjordur.is

Starfsfólk óskast

Bakkavík hf. í Bolungarvík óskar eftir fólki til starfa. Um er að ræða almenn fiskvinnslustörf.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 450 7500 frá kl. 09:00 til 13:00.

Bakkavík hf.
Bolungarvík.

Þjónustumiðstöð aldraðra á Þingeyri

Ágúst og Flosi með lægsta tilboð

Tæknideild Ísafjarðarbæjar hefur mælt með því við bæjarráð að tilboði Ágústs og Flosa ehf. í innréttingu íbúða og þjónustualmu í Þjónustumiðstöð aldraðra á Þingeyri verði tekið. Tilboð í verkið bástur frá þremur aðilum. Ágúst og Flosi ehf. buðu kr. 27.293.670.- í verkið sem er 88,1% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 30.993.385. Eiríkur og Einar Valur hf. á Ísafirði buðu kr. 29.500.000.- í verkið og Sigmundur F. Þórðarson, byggingameistari á Þingeyri bauð

kr. 35.496.231. Það var Framkvæmdasýsla ríkisins sem yfirfór tilboðin fyrir Ísafjarðarbæ. Í áliti þeirra segir m.a.: „Við skoðun á fjárhagslegu og tæknilegu hæfi Ágústs og Flosa ehf. í samræmi við ÍST-30 og reglur um innkaup ríkisins, kom ekkert það í ljós er mælir gegn lægstbjóðanda sem verktaka í þessu verki. Framkvæmdasýsla ríkisins mælir því með því að tilboði Ágústs og Flosa ehf. í verkið verði tekið.“ Hlutur Ísafjarðarbæjar í verkinu er 50% á móti ríkinu.


Lokið við frágang snjóflóðavarna

Framkvæmdir við lokafrágang snjóflóðavarna við sorpendurvinnsluna Funa í Engidal hafa gengið vel í vetur og er nú að mestu lokið. Að sögn Sigurðar Mar Óskarsson hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar er

búið að koma efninu fyrir og forma varnargarðinn þannig að hann á að teljast tilbúinn sem snjóflóðavörn fyrir Funa. Aðeins á eftir að ganga endanlega frá svæðinu í kringum garðinn og laga til svæðið sem

notað var til efnistöku.

Verkið var boðið út sl. haust og bárust fjögur tilboð í verkið en ákveðið var að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Kubb ehf., á grundvelli frávíkstilboðs fyrirtækisins sem



Snjóflóðavörnin ofan við sorpendurvinnsluna Funa í Engidal.

hljóðaði upp á tæplega 12,4 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að kostnaður við snjóflóðavarnir við Funa verði um 30 milljónir þegar upp er staðið og greiðir Ísafjarðarbær allan kostnað við framkvæmdina

en verkið kann þó mögulega að vera styrkhæft frá Viðlagatryggingu Íslands.

Í útboðinu var einnig gert ráð fyrir gerð jarðvegsmana við Funa til að skýla brotajárni og öðru sorpi þannig að veru-

lega drægi úr svokallaðri sjónmengun. Segir Sigurður að þeim framkvæmdum sé enn ekki lokið, reyndar sé búið að ýta efninu upp en eftir að forma það og ljúka frágangi þar í kring.



Gámaflutningabifreið fauk á hliðina í Breiðadal

Gámaflutningabifreið á Eimskip-Flytjanda hf. hafnaði utan vegar við Breiðadal í Öndarfirði á þriðja tímanum á föstudag. Að sögn lögreglu sakaði ökumanninn ekki en bifreiðin mun vera talsvert skemmd. Talið er að snörp vindhviða hafi valdið því að bifreiðin hafnaði á hliðinni utan vegar enn mjög hvasst var á þessum slóðum á föstudag.

Ungmennafélag Bolungarvíkur

Starfrækir meistaraflokk á ný

Ungmennafélag Bolungarvíkur starfrækir nú eftir nokkurt hlé, meistaraflokk karla í knattspyrnu undir nafninu UMF.B. Hefur félagið ráðið Predrag Milosavljevic sem þjálfara liðsins, en hann hefur undanfarin ár þjálfað yngri flokka UMF.B. Í meistaraflokknum eru öflugir ungir menn á aldrinum 17-19 ára í bland við eldri og reynslumeiri kapp. Mun meistaraflokkur UMF.B leika í 3. deild ásamt BÍ, sem einnig stofnaði

meistaraflokk á ný fyrir skemmstu, og víst er að keppnin milli liðanna verður hörð í sumar.

Að sögn Karls Gunnarssonar, formanns meistaraflokks UMF.B, er það hvetjandi fyrir yngri flokka UMF.B að starfræktur sé meistaraflokkur í bæjarfélaginu, því það stuðlar að nánari tengslum við unga knattspyrnuíðkendur sem og bæjarbúa. Karl væntir þess að meistaraflokknum verði sýndur góðum stuðningur og vel-

vilji hjá fyrirtækjum og bæjarbúum líkt og Bolvíkingar eru þekktir af.

Sigrún Sigurðardóttir, formaður yngri flokka UMF.B, segir að starfsemin hafa verið gróskumikla í vetur undir stjórn góðra þjálfara. Hún segir að til standi að auglýsa eftir þjálfurum fyrir sumarstarf yngri flokkanna og hvetur hún áhugasama til að koma skriflegum umsóknum til sín hið fyrsta.

Frumvarp um smásöluverslun með áfengi

Umsagnaraðilar alfar-ið á móti frumvarpinu

Ísafjarðarbær hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis bréf þar sem kynntar eru umsagnir félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar og Vá Vest hópsins á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak. Hafði efnahags- og viðskiptanefnd óskað eftir umsögn sveitarfélags á umræddu frumvarpi og í framhaldið af því var leitað umsagnar félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar og Vá Vesthóps-

ins, sem stendur fyrir vímuvörnum á norðanverðum Vestfjörðum.

Í bréfinu kemur fram að þessir aðilar eru alfaríð mótfallnir því að lagafrumvarpið verði samþykkt og telja að það hafi ekki aðeins í för með sér aukið aðgengi fullorðinna að áfengi, heldur það sem alvarlegra er, að aðgengi unglunga að áfengi aukist. Telja umsagnaraðilarnir að með þessu móti sé verið að fórna

meiri hagsmunum fyrir minni og sé áhættan of mikil, sérstaklega þegar litið er til þess að í frumvarpinu virðist ekki vera reynt að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem augljóslega fylgja þessum breytingum. Þá þykir umsagnaraðilunum ekki ástæða til að ætla að kaupmönnum takist betur að hafa eftirlit með sölu áfengis frekar en þeim gengur í dag að hafa eftirlit með sölu á tóbaki.

Hestadagar!

Reiðnámskeið – opið hús!

Reiðnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-12 ára verður haldið dagana 26. apríl til 4. maí. Skráning og upplýsingar í síma 456 4203 (Sigríður) frá kl. 20-22 dagana 17. til 20. apríl.

Hestamenn bjóða heim – opið hús!

Hestamenn bjóða heim á Sumardaginn fyrsta frá kl. 13-18 á eftirtöldum stöðum:

Búðartúni (hesthús í Hnífsdal)
Kirkjubæ (innan við flugvöllinn)
Kirkjubóli í Engidal

(við hliðina á Gámapjónustunni).
Börnum verður boðið á hestbak.

Kaffi og veitingar á vægu verði.

Allir velkomnir!

Hestamannafélagið Hending.

Hesta-dagar!

Fær tveggja milljóna króna styrk

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði, sem Bílddælingurinn Elfar Logi Hannesson stendur að, hlaut nýverið tveggja milljóna króna styrk frá menntamálaráðuneytinu til uppsetningar á einleiknum „Muggur“, sem verið hefur í undirbúningi hjá leikhúsinu um tveggja ára skeið. Elfar Logi segir að styrkur menntamálaráðuneytisins eigi eftir að nýtast leikhúinu vel, en að milljónirnar tvær séu þó aðeins helmingur þess fjármagns sem til þarf til þess að setja verkið upp.

Einleikurinn rekur ævi listmálarans Guðmundar Thorsteinssonar frá Bíldudal, sem var betur þekktur sem Muggur. Elfar Logi leikur eina hlut-

verk verksins auk þess sem hann semur það í teymi við aðra er koma að uppfærslunni, en það eru Ísfirðingarnir Vigdís Jakobsdóttir sem leikstýrir verkinu og Kristinn Jóhann Níelsson sem semur alla tónlist auk þess sem kvikmyndaleikstjórnirinn Ragnar Bragason frá Súðavík sér um kvikmyndapátt sýningarinnar, en í verkinu er ætlunin að blanda saman tveimur listformum, leiklistinni og kvikmyndinni. Stefnt er að því að frumsýna verkið á Bíldudal, fæðingarsað Muggs, í lok september og eftir það er ætlunin að sýna það á Ísafirði og í Reykjavík.

„Undirbúningur er nú í fullum gangi en enn þarf meira fjármagn svo að uppfærslan

geti orðið að veruleika. Næstu tvo mánuðina verður unnið með handrit verksins og um miðjan maí mánuð hefjast æfingar. Í sumar er svo ætlunin að taka upp kvikmyndaatriðin og í haust hefjast æfingar að nýju, en þær fara fram í Reykjavík, á Ísafirði og á Bíldudal. Þetta er mjög spennandi verkefni og ég er sérlega ánægður með að verkið verður líklega al vestfirskt, þ.e. vestfirskt listafólk mun gera ævisögu merks Vestfirðings skil.

Muggur var án efa einn mesti listamaður landsins og afrekaði mikið á ævi sinni, en hann lést aðeins 33 ára að aldri, langt um aldur fram,“ segir Elfar Logi og nefnir í því sambandi söguna um

Dimmalimm, myndskreytingar hans við ljóð Theodoru Thorodssen, altarástöfluna „Kristur læknar sjúka“ og málverkin „Kolaburður í Reykjavík“ og „Í hjásetunni“ máli sínu til stuðnings. Að sögn Elfars Loga var Muggi margt annað til lista lagt. Hann var góður leikari og lék m.a. í kvikmyndinni „Saga Borgarættarinnar“ og söng og fór með gamanmál við hvert tækifæri á barnaskemmtunum.

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði er eitt fárra atvinnuleikhúsa er starfa á landsbyggðinni. Leikhúsið var stofnað 1997 og hefur síðan þá fært upp fjóra leiki, nú síðast „Leikur án orða“ eftir Samuel Beckett.



Elvar Logi Hannesson.

Vestfirðir

Tvær brýr á Djúpvegi breikkaðar

Vegagerðin í Vestfjarðaumdæmi hefur óskað eftir tilboðum í breikkun tveggja brúa á Djúpvegi 61.

Um er að ræða brú yfir Hvalskurðará í Skötufirði og brú á Rjúkanda í Hestfirði. Framkvæmdum við brúna í Skötufirði á að vera lokið 1. október á þessu ári en ári síðar við brúna í Hestfirði.



ÍSAFJARÐARBÆR

SKIPULAG Á SUÐUREYRI

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu um breytt skipulag á Suðureyri.

Breytingin felst m.a. í eftirfarandi:

1. Breytt fyrirkomulag bílstæða við kirkju og grunnskóla/sundlaug og tengingu við Túngötu við Þjóðveg 65.
2. Sætún verður einstefnugata til austurs frá Þjóðvegi að gatnamótum Túngötu/Sætúns.
3. Túngata verður einstefnugata til vesturs meðfram tjörn og að sundlaug.
4. Sætún tengist Þjóðvegi 65 við pollinn.

Tillaga verður til sýnis á bæjarskrifstofu á Ísafirði og á Suðureyri frá 16. apríl til og með 14. maí.

Skriflegum athugasemdum við tillöguna skal komið á framfæri við undirritaðann fyrir 29. maí nk. sem veitir jafnframt allar nánari upplýsingar.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Garpamótið haldið í blíðskaparveðri á Tungudal

Á fjórða tug garpa mætti til leiks

Hið margfræga Garpamót í samhliða svigi var haldið í blíðskaparveðri á sunnudag á skíðasvæðinu í Tungudal þar sem aðstæður til skíðaiðkunar voru með besta móti. Rúmlega þrjátíu þátttakendur skráðu sig til leiks í mótinu og er það nokkru færra en á undanförunum árum en þess ber að geta mótinu, sem venjulega er hápunktur Skíðavikunnar, hafði áður verið frestað tvígang og hefur það eflaust haft sín áhrif á þátttökuna. Keppt var í kvennaflokki og tvískiptum karlaflokki, 30 til 45 ára og eldri en 45 ára, en um útsláttarkeppni er að ræða.

Margir af alhördustu

skíðagörpum Vestfjarða voru þarna mættir til leiks og var ekkert gefið eftir í brautinni þar sem hart var barist. Var stundum þá stundum barist af meira kappi en forsjá og fóru sumir flatt á því í brautinni en þó þótti Örn Torfason slá öll met hvað þetta varðar þegar hann í startinu renndi sér af stað af miklum krafti án skíðanna. Þá þótti Gísli Jón Hjaltason koma út úr mótinu með talsverðri skömm þar sem hann fékk tvær tilraunir til að komast áfram, en málin atvikudust þannig að hann keppti í yngri flokk en átti að keppa í eldri flokki og þykir það vera til marks um að sumir menn kunni sér ekki hóf.

Í flokki karla 45 og eldri varð Önnundur Jónsson í fyrsta

sæti eftir að hafa att kappi við Stefán Dan Óskarsson sem var með örugga forystu þar til honum urðu á þau örlagaríku mistök að krækja í síðasta hliðinu sem varð til þess að Önnundur sigldi í mark á undan, öryggið uppmálað. Stefán Dan varð því að láta sér nægja annað sæti og í þriðja sæti var Pálmi Stefánsson. Í flokki karla 35-44 ára urðu úrslit þau að Kristinn Halldórsson varð í fyrsta sæti, Jakob Flosason í öðru sæti og Steinn Ólafsson í því þriðja. Í kvennaflokki sigraði Sigrún Sigurðardóttir, Þórunn Pálsdóttir varð í öðru sæti og þriðja varð Málfríður Hjaltadóttir.

Dómarar voru þeir Eggert Jónsson og Jóhann Torfason en eins og flestum mun kunn-

ugt hefur Garpamótið löngum verið umdeilt vegna meintrar mútubægni dómara. Var ekki örgrannt um að sumir keppenda kenndu ósigri sínum því að mótherjinn hefði átt orð við dómara fyrir keppni en hinn almenni áhorfandi gat þó ekki betur séð en úrslit væru öll óumdeilaleg og ekkert við þau að athuga. Það vakti athygli að kynnrir mótsins til margra ára, Halldór Hermannsson, var fjarri góðu gamni vegna veikinda en Magnús Reynir Guðmundsson kom í hans stað og stóð sig með stakri þryði þegar hann lýsti á fjálglegan hátt og af mikilli fagmennsku því sem fram fór í brautinni.

Enn fækkar íbúum Vestfjarða

Nýjar tölur um mannfjölda sýna að íbúum á Vestfjörðum fækkar. Það eru slæm tíðindi en ættu engu að síður að verða okkur hvatning til sóknar. Snúa verður blaðinu við og efna til sóknar. Fækki íbúum stöðugt verður líf okkar sem eftir sitjum torsóttara. Vissulega má gleðjast yfir því að fækkunin í ár er minni en á sama tíma fyrir ári. Nú fækkar um 19 en þá um 32. Brýnt er að muna að það eyðist sem af er tekið.

Miðað við bráðbirgðatölur hinn 1. desember síðast liðinn, sem töldu 8012 íbúa, eru Vestfirðingar nú komnir niður fyrir áttaþúsund íbúa markið. Samkvæmt þessum tölum erum við nú 7993. Í okkur býr mikil orka og reynsla. Hvort tveggja verður að nýta til framfara. Nú bíður að veita þeim útrás ella stöðvast þessi þróun ekki.

Til samanburðar og með hliðsjón af umræðu um eflingu byggðakjarna má rifja upp að Vestfirðingar allir saman eru rétt rúmlega helmingur af íbúum Akureyrar. Fjölmennasti byggðakjarninn á Vestfjörðum er Ísafjörður í Ísafjarðarbæ með um 3000 íbúa. Af þessum samanburði er ljóst að langtum meiri samstöðu og samstarf þarf með Vestfirðingum til að ná að snúa við af brautinni til fækkunar.

Kosningastefnuskrár verða skoðaðar af mikilli gerhygli og leitað þar að öllu sem varðar íbúapróun. Víkið var að uppbyggingu framhaldsnáms, þar með talið á háskólastigi, fyrir hálfum mánuði. Þar í er fólgin vaxtarbroddur nái heimamenn að halda rétt á spilunum. Fjarnámið er vissulega allra góðra gjalda vert, en dugar

engan veginn til að fullnægja hinni duldu eftirspurn eftir víðtækara námi. Háskólanám er einmitt leiðin til þess að nútímavæða vestfirskar byggðir. Meiri líkur eru til þess að okkar eigin börn sitji eftir eigi þau þess á annað borð kost að stunda nám í heimabyggð á Vestfjörðum.

Í þessu samhengi er hollt að rifja tvennt upp. Í fyrsta lagi eru afdrif hérðaskólanna að Núpi og einkum í Reykjanesi víti til varnaðar. Í baráttunni fyrir áframhaldandi tilveru þeirra gleymdist kjarni málsins. Hann var sá að finna þeim tilgang í takt við þjóðlífið. Ekkert gengur af sjálfu sér, hvorki skólar né annað, þar með talin byggð á Vestfjörðum. Alger skortur á samstöðu og vilja til samstarfs varð Reykjanesskólanum að ótímabærum dauðdaga. Dánarstundin hefði þó að óbreyttu tæpast frestast nema um einhver ár að því tilskyldu að ekki hefðu komið til breyttar áherslur. Samstöðuleysið kom í veg fyrir að tækifæri gæfust til að breyta tilverugrunninum. Í öðru lagi er brýnt að muna að háskólanám eru öðru námi fremur lífandi og sýnbreytilegt og tekur örur breytingum. Fjarnám eitt og sér mun ekki verða til að laða nemendur að. Meira þarf til. Fá þarf aðstöðu til náms og kennslu á háskólastigi á Ísafirði samþykka sem hluta af námi háskólastigsins á Íslandi. Afar mikilvægt er að tvíanna saman fjarnám og rannsóknir og síðst en ekki síst kennslu á staðnum. Fjarnám heldur ekki í nema hlutfallslega fáa nemendur. Vestfirðir þurfa stóriðju í þessum efnun.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.


Netspurningin

Spurt var:

Áttu von á mikilli uppstokkun í sveitarstjórn þíns bæjarfélags?

Alls svörðu 420.
 Já sögðu 211 eða 50,24%
 Nei sögðu 182 eða 43,33%
 Veit ekki sögðu 27 eða 6,43%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Gleði og glaum- ur á vorfagnaði Grunnvíkinga

Nærri 90 manns skemmtu sér hið besta á vorfagnaði Grunnvíkingafélagsins er fram fór á Hótel Ísafirði sl. föstudagskvöld, en skemmtanaglaðir Grunnvíkingar ákváðu að fara þá leið að halda vorfagnað í sárabætur fyrir þorrablót félagsins sem aflýsa varð fyrir í vetur af óviðráðanlegum orsökum. Þrátt fyrir að einhverjir þóttust sakna súrra hrútsþunga og annars þorramatsljúfmetis gerðu Grunnvíkingar flestir sér að góðu smárétti þá er boðið var upp á í þess stað og að borðhaldi loknu var tekið til við söng og skemmtanahöld fram á rauða nótt. Fleiri myndir frá vorfagnaði Grunnvíkinga munu birtast á ljósmyndavef bb.is á næstu dögum.



helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag: Austlæg átt, víða 5-13 m/s. Rigning sunnan- og austanlands, bjartviðri á Vestfjörðum, en annars skýjað með köflum og þurr að mestu. Hiti 2-12 stig.

Horfur á föstudag: Suðaustan 5-10 m/s og lítilsháttar rigning sunnan- til, en hægari og víða léttskýjað norðanlands. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag: Suðaustanátt og víða dálítil rigning, einkum sunnantil. Hiti 4-10 stig.

Horfur á sunnudag: Suðaustanátt og víða dálítil rigning, einkum sunnantil. Hiti 4-10 stig.

Horfur á mánudag: Suðvestlæg átt og rigning víða um land og fremur hlýtt í veðri.

netið

Heimasíðu félagsins Ísland-Palestína, **palestina.is**, er áhugavert að skoða í ljósi atburða undanfarna vika og mánuða, en upp á síðkastið hefur Ariel Sharon staðið fyrir æfubeldisfyllri aðgerðum gegn heimastjórnarsvæðum Palestínunanna í nafni Ísraelsríkis. Síðan heldur úti öflugum fréttavef sem varpar ljósi á oft á tíðum skelfilega atburði við botn Miðjarðarhafsins og eru þar margar frásagnir að finna sem ekki sleppa í gegnum síur stærri fréttamiðla. Einnig er þar að finna gott safn greina um málefni Palestínu og úttekta á sögu svæðisins sem um er deilt. Á síðunni er svo hægt er að skrá sig í félagið eða gerast áskrifandi að póstlista þess.

www.bb.is

Góður vettvangur fyrir auglýsingar!



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 19. apríl

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.05 Stubbarnir (82:90)
- 18.30 Falda myndavélin (34:60)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Klár í kollinum. (Horse Sense) Fjölskyldumynd frá 1999 um borgarbrá sem heimsækir frændfólk sitt í Montana og á ekki sjö dagana sæla. *Aðalhlutverk: Joey Lawrence, Andrew Lawrence og Susan Walters.*
- 21.45 Elskið, virðið og hlýðið. (Love, Honor and Obe) Bresk bíómynd frá 2000 um félagi á bófaflökki í Norður-London. *Aðalhlutverk: Sadie Frost, Jonny Lee Miller, Jude Law, Ray Winstone, Kathy Burke, Sean Pertwee, Denise Van Outen og Rhys Ifans.*
- 23.30 Kæru landar... (My Fellow Americans) Bandarísk bíómynd frá 1996. Tveir fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna, sem er í nöfnum við annan, neyðast til að grafa stríðsöxina þegar hneyksli kemur upp í Hvíta húsinu. e. *Aðalhlutverk: Jack Lemmon, James Gardner, Dan Akroyd, Lauren Bacall, John Heard, Brad Whitford, Wilford Brimley og Everett McGill.*
- 01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 20. apríl

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (83:90)
- 09.37 Albertína ballerína (6:26)
- 09.45 Litlu skrimslin (41:52)
- 09.54 Safnamýsna (5:6)
- 10.00 Pokénon (42:52)
- 10.23 Krakkarnir í stofu 402 (5:40)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 Mósaik
- 12.10 At
- 12.40 Markaregn
- 13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- 15.20 Snjócrossið 2002.
- 15.50 Íslandsmótíð í handbolta. Bein útsending frá fyrsta leik í úrslitakeppni kvenna.
- 18.00 Táknmálsfréttir
- 18.05 Forskot (9:40)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Milli himins og jarðar
- 20.50 Kristnihald undir jökli. Kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur frá 1989 byggð á sögu Halldórs Laxness. Umbi, sendimaður biskups, kemur á Snæfellsnes að kanna hvernig kristnihaldi sé háttað hjá séra Jóni Þrúnaði undir Jökli. Á vegi hans verður fjöldi sérkennilegs fólks og fyrr en varir taka undarlegir atburðir að gerast. e. *Aðalhlutverk: Sigurður Stigurjónsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Baldvin Halldórsson og Helgi Skúlason.*
- 22.25 Ógæfumaðurinn. (Mr. Wrong) Bandarísk gamanmynd frá 1996 um konu sem finnur draumaprinsinn eftir langa leit. Smám saman kemur í ljós að galli er á gjöf njarðar og hún á í megnustu vandræðum með að losa sig við manninn aftur. *Aðalhlutverk: Ellen DeGeneres, Bill Pullman, Joan Cusack, Dean Stockwell og Joan Plowright.*
- 00.00 Óþelló. (Othello) Kvikmynd frá 1997 byggð á samnefndu leikriti eftir William Shakespeare. e. *Aðalhlutverk: Laurence Fishburne, Irene Jacob, Kenneth Branagh, Nathaniel Parker og Michael Maloney.*
- 02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 21. apríl

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Disneystundin
- 09.57 Andarteppa (4:26)
- 10.11 Kobbi (57:65)
- 10.23 Ungur uppfinningamaður
- 11.05 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.20 Kastljósið
- 11.45 Skjáleikurinn
- 14.30 Hönnunarkveppi
- 15.05 Maður er nefndur
- 15.40 Mósaik
- 16.15 Markaregn
- 17.00 Geimferðin (18:26)
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.30 Tómas og Tim (9:10)
- 18.40 Boris
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Er ormur í bókinni? Dagskrá um börn og bækur í upphafi vorbókaviku sem að þessu sinni er tileinkuð barnabókum.
- 20.30 Halldór Laxness - Ævi og störf. Fyrsti þáttur: Heimán ég fór. Í þessum fyrsta þætti af þremur rekur Halldór Laxness ævi sína og verk í gömlum viðtölum

en auk þess er rætt við fjölda fólks um skáldið og verk þess. Seinni þættirnir tveir verða sýndir á mánudags- og þriðjudegskvöld.

- 21.40 Helgarsportíð
- 22.05 Æskubrek. (Les quatre-cents cups) Bíómynd frá 1959 eftir François Truffaut um 14 ára stráki í París sem tekur upp á ýmsum óknyttum vegna þess að foreldrar hans veita honum enga athygli. *Aðalhlutverk: Jean-Pierre Léaud, Claire Maurier og Albert Rémy.*
- 23.30 Kastljósið
- 23.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 19. apríl

- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi
- 09.35 Oprah Winfrey (e)
- 10.20 Ísland í bítið
- 12.00 Neighbours
- 12.30 Í finu formi
- 12.45 The Running Man. (Áflötta) Rex Black setur dauða sinn á sviði í því skyni að svikja út fimm milljónir í tryggingarfé. Rex dulbýst og flýgur með falskt vegabréf til Spánar til fundar við konuna sína. Fljótlega sendir tryggingafélagið mann á vettvang til að rannsaka málið. Málin flækjast talsvert og Rex á sér varla undankomu auðið og gripur því til örþrifaræða. *Aðalhlutverk: Alan Bates, Laurence Harvey, Lee Remick.*
- 14.25 Eric Clapton
- 15.05 Andrea (e)
- 15.30 NBA Action
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2 (8:26)
- 18.05 Friends (12:24) (e)
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 urney Through the Mise. (Litla riseaðlan IV) Spannandi teiknimynd um ævintýri riseaðlananna. Litlu vinirnir halda hópinn, sem kemur sér vel því hér eru hættur á hverju strái. Smáflugur og félagar glíma við nýja óvini sem eru harðir í horn að taka.
- 20.45 Smallville (2:22) (Metamorphosis) Clark kemst að því að krypton-smítaðar pöður hafa ráðið á einn af samnemendum hans og hann þróað með sér lífsstíl skordýra. Lana er næsta fórnarlamb og nú þarf Clark að finna leið til að bjarga Lónu án þess að uppljóstra um hæfileika sína. Lex hefur komist yfir hálsfesti Lónu og veltir því fyrir sér hvað hann eigi að gera við furðulegan steininn.
- 21.35 He Got Game. (Hann á leik) Jake Shuttlesworth var fangelsaður á sínum tíma fyrir morðið á konu sinni. Hann fær reynsluáslausn með því skilyrði að hann fái son sinn, sem er efnilegur körfuknattleiksmaður, til að spila fyrir heimaskóla ríkisstjórnar. Jake hefur einungis viku til stefnu, annars er það grjótið á nýjan leik. *Aðalhlutverk: Denzel Washington, Milla Jovovich, Ray Allen.*
- 23.50 Taxi. Kvikmyndaleikstjórninn Carlos Saura fjallar á sinn einstaka hátt um kynþáttahatur og kynslóðabil. Aðalpersónan er stúlkan Paz sem verður ástfangin af Dani. En líf hennar breytist snarlega þegar hún kemst að því að faðir hennar og Dani tilheyra hópi leigubílstjóra sem eyða nóttinni í að hreinsa stræti borgarinnar, þ.e.a.s. ráðast á innflytjendur sem eru eitur í beinum þeirra. *Aðalhlutverk: Ingrid Rubio, Carlos Fuentes.*
- 01.40 Outside Ozona. (Handan Ozona) Fjöldamorðingi situr um vegfarendur þjóðvega milli Nýja-Mexíkós og Texas. Við kynnumst fólki í mismunandi erindagjörðum sem gæti orðið næstu fórnarlömb hans. *Aðalhlutverk: Sheryllyn Fenn, Robert Forster, Kevin Pollak.*
- 03.15 Ísland í dag
- 03.40 Tónlistarmyndbönd

Föstudagur 19. apríl

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 10.25 Jetsons: The Movie. (Geimaldar-fjölskyldan) Byggt á vinsælli teiknimyndasýrpu frá sjöunda áratugnum. Jetson-fjölskyldan býr á fjarlægri plánetu í himingimnum og nú er svo komið að bóndanum á heimilinu, George, er fallinn rekstur verksmiðju í eigu Sprockets-fyrirtækisins. George kemst að því að verksmiðjan spillir umhverfinu í heimkynnum lítilla vera sem búa neðanjarðar undir verksmiðjunni. *Aðalhlutverk: Voices: George O'Hanlon.*
- 11.40 Bold and the Beautiful
- 13.20 Alltálf í boltanum
- 13.45 Enski boltinn. Bein útsending.
- 16.05 Best í bítið
- 16.55 60 Minutes (e)
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir



Löggán Shaft í ham!

Shaft er þriggja stjörnu glæpamynd frá árinu 2000 sem Stöð 2 sýnir kl. 21:55 á laugardagskvöld. Löggán John Shaft lætur menn ekki komast upp með neitt múður. Hann gengur rösklega fram og á óvildarmenn á ýmsum stöðum. Shaft þarf nú að vera á varðbergi því ungur morðingi telur sig eiga óuppgerðar sakir og ætlar að koma honum í gröfina. Fleiri tengjast þessu sama máli sem Shaft verður að upplýsa áður en það verður um seinan. *Aðalhlutverkið leikur Samuel L. Jackson.*

- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Dharma & Greg (7:24)
- 20.00 Friends (13:24)
- 20.30 Dirty Work. (Skítamorall) Bráðföndin mynd um félagana Mitch og Sam sem báðir eiga mjög erlitt með að tolla í vinnu. Vanalega væri þeim alveg sama um atvinnuleysið en nú bráðvantar þá 50.000 dollara. Mitch deyr ekki ráðalaus og finnur leið fyrir þá félagi til að græða peninga á því sem þeir eru bestir í, þ.e. hefndinni. *Aðalhlutverk: Courtney Love, Norman Reedus, Ron Livingston, Kiefer Sutherland.*
- 22.25 60 Minutes
- 23.15 Sling Blade. (Blikandi egg) Karl Childers er lokaður inni á hæli. Í æsku koma hann að móður sinni með elskhuga hennar og myrta þau bæði. Nú eru 25 ár liðin og ákveðið hefur verið að Karl yfirgefi hælið þótt það sé honum þvert um geð. Hann fær vinnu á verkstæði í litlum Suðurríkjabæ og eignast þar smám saman ágætta vini. En er Karl Childers fullfær um að standa á eigin fótum? Vönduð bíómynd sem fékk Óskarsverðlaun fyrir besta handritið. *Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Dwight Yoakam, J.T. Walsh, Robert Duvall.*
- 01.25 Cool Runnings
- 03.00 Tónlistarmyndbönd

kvikmynd. Við erum stódd í gleðskap í New York árið 1944. Áfengi og eiturlyf koma við sögu og kvöldið endar með ósköpum þegar einn veislugestanna er myrtur. Sjó árum síðar hittist hluti hópsins aftur í Mexíkó og brátt stefnir í sama farið. *Aðalhlutverk: Courtney Love, Norman Reedus, Ron Livingston, Kiefer Sutherland.*



Föstudagur 19. apríl

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Alltálf í boltanum

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 12.00 Neighbours
- 13.50 60 Minutes II (e)
- 14.35 The Simpsons (16:21) (e)
- 15.00 Cool Runnings. (Svalar ferðir) Gamanmynd frá 1993 sem kostaði ekki mikið í framleiðslu en vakti gífurlega athygli og vann meðal annars til tvenna verðlauna í Cannes. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: John Candy.*
- 16.45 Andrea (e)
- 17.10 Sjálfstætt fólk (e)
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Viltu vinna milljón?
- 20.20 Sjálfstætt fólk. Hinn ástsæli sjónvarpsmaður, Jón Ársæll Þórðarson, heldur áfram að kynna okkur áhugaverða samborgara í nýjum myndaflokkum sem er vikulega á dagskrá. Jón Ársæll heimsækir konur og karla á öllum aldri og kynnir landsmönnum nýja hlið á þeim sem eru í eldflunnunni.
- 20.50 Beat. (Beat-kynslóðin) Dramatísk

Sunnudagur 21. apríl

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 12.00 Neighbours
- 13.50 60 Minutes II (e)
- 14.35 The Simpsons (16:21) (e)
- 15.00 Cool Runnings. (Svalar ferðir) Gamanmynd frá 1993 sem kostaði ekki mikið í framleiðslu en vakti gífurlega athygli og vann meðal annars til tvenna verðlauna í Cannes. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: John Candy.*
- 16.45 Andrea (e)
- 17.10 Sjálfstætt fólk (e)
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Viltu vinna milljón?
- 20.20 Sjálfstætt fólk. Hinn ástsæli sjónvarpsmaður, Jón Ársæll Þórðarson, heldur áfram að kynna okkur áhugaverða samborgara í nýjum myndaflokkum sem er vikulega á dagskrá. Jón Ársæll heimsækir konur og karla á öllum aldri og kynnir landsmönnum nýja hlið á þeim sem eru í eldflunnunni.
- 20.50 Beat. (Beat-kynslóðin) Dramatísk

Sportíð & beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 20. apríl kl. 13:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 20. apríl kl. 15:50

Íslandsmótíð í handbolta kvenna: Undanúrslit

Sýn

Miðvikudagur 17. apríl kl. 18:30

Landsleikur í knattspyrnu: England – Paragvæ

Laugardagur 20. apríl kl. 10:40

Enski boltinn: Chelsea – Manchester United

Sunnudagur 21. apríl kl. 12:45

Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn

Beat-kynslóðin

Courtney Love og Kiefer Sutherland eru meðal leikenda í dramatísku myndinni Beat-kynslóðin, sem er frá árinu 2000 og sýnd er á Stöð 2 kl. 20.50 á sunnudagskvöld. Við erum stödd í gleðskap í New York árið 1944. Áfengi og eiturlyf koma við sögu og kvöldið endar með ósköpum þegar einn veislugestanna er myrtur. Sjá árum síðar hittist hluti hópsins aftur í Mexíkó og brátt stefnir í sama farið.



Nýr sýslumaður tekinn til starfa á Ísafirði

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, fv. skattstjóri Vestfjarðaumdæmis, tók í vikubyrjun við embætti sýslumanns á Ísafirði, en hún var sem kunnugt er skipuð í stöðuna af dómsmálaráðherra þann 7. febrúar sl. Hafði Sigríði verið veittur frestur á því að mæta til starfa þar til nú þar sem hún þurfti að ganga frá sínum málum ytra, en hún hefur ásamt Skúla Ólafssyni, eiginmanni sínum, verið búsett í Svíþjóð undanfarin tvö ár þar sem hún hefur lagt stund á nám en hann

gegnst störfum Íslendinga-prests þar í landi.

„Þessi fyrsti dagur er búinn að vera annasamur, enda mikið verk að komast inn í viðamikil starf sem þetta. Ég hyggst ekki gera neinar rót-tækar breytingar á rekstri embættisins fyrst um sinn, heldur mun ég byggja á þeim grunni sem forverar mínir hafa lagt,“ sagði Sigríður Björk í samtali við blaðið í gær og kvæðst ánægð að vera komin aftur til Ísafjarðar.

„Bærinn hefur breyst nokkuð og tekið stakkaskiptum til hins betra frá því að ég

heimsótti hann síðast, en það var sl. sumar. Síðan þá hefur hér risið myndarlegt hringtorg og verslanamiðstöð, sem setja skemmtilegan blá á bæinn,“ segir Sigríður Björk. Aðspurð segist hún ekki hafa mikinn smekk fyrir háværa rokkónlist Mick Jagger og félaga líkt og fyrirverandi sýslumaður Ísfirðinga, heldur sé klassíkin eða afslappandi og róleg tónlist á borð við þá er kanadíska söngkonan Celine Dion flytur öllu jöfnu, meira henni að skapi.

eftir Stephen King og Clive Barker. **Aðalhlutverk:** Christopher Lloyd, Matt Frewer, Raphael Sbarge, Missy Crider, Silas Weir Mitchell.

02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 20. apríl

10.40 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Chelsea* og *Manchester United*.
13.00 Saga HM. (1966 - England - mörk.) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Englandi árið 1966. Heimamenn þóttu líklegir til afreka en í liði þeirra voru kappar eins og Bobby Charlton, Bobby Moore og Geoff Hurst.

14.40 Íþróttir um allan heim

15.40 Heimsfótbolti með West Union
16.05 Leiðin á HM. (*Spánn og Slóvenía*) Myndaflakur þar sem þáttökubjóðirnar á HM í sumar eru kynntar til sögunnar. Kastljósinu er beint að tveimur þjóðum í hverjum þætti. Rætt er við þjálfarana og helstu stjórnur liðanna.
16.30 Leiðin á HM. (*Brasilía og Kína*) Myndaflakur þar sem þáttökubjóðirnar á HM í sumar eru kynntar til sögunnar. Kastljósinu er beint að tveimur þjóðum í hverjum þætti. Rætt er við þjálfarana og helstu stjórnur liðanna.
17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.00 Highlander (11:22)
20.00 MAD TV.
21.00 The Object of My Affection. (*Elskan mín*) Áhugaverð mynd um Ninu og George sem búa saman í fallegri íbúð

eru hamingjusöm en það flækir hins vegar málin að George hefur jafnmikinn áhuga á karlmönnum og Nina. Aðstæður Ninu verða enn skrautlegri þegar hún verður ófrísk eftir Vince, kærasta sinn. Það er ekki víst að Vince passi inn í framtíðaráætlanir hennar og stóra spurningin er hver getur gengið barninu í föðurstað. **Aðalhlutverk:** Jennifer Aniston, Paul Rudd, Alan Alda.
22.50 Hnefaleikar. Útsending frá hnefaleikakeppni. A meðal þeirra sem mættast voru léttvigtarkapparnir Paul Spadafora og Angel Manfredy.
00.55 Syndabæli. Erótísk kvikmynd.
02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 21. apríl

12.45 Ítalski boltinn. Bein útsending.
14.55 Enski boltinn. Bein útsending.
17.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
18.00 Golfmót í Bandaríkjunum
19.00 Stíng All This Time. Úptaka frá tónleikum Stings sem haldnir voru á Ítalíu 11. september 2001.
20.00 NBA. Bein útsending.
22.45 Restoration. (*Endurreisn*) Myndin gerist á 17. öld og fjallar um Rober Merivel, ungan og hæfileikaríkan læknemanema sem óvænt er kallaður til þjónustu við konunginn, Charles II. Merivel gísir í höll konungsins og nýtur allra þeirra lystisemda sem þar er að finna þar til konungur afræður að gifta Marivel hjákonu sinni með því skilyrði að hann verði ekki ástfanginn af henni.

Það reynist Merivel erfitt að standa við þann hluta samkomulagsins. Maltín gefur þrjár stjórnur. **Aðalhlutverk:** Robert Downey Jr., Sam Neill, David Thewlis, Meg Ryan.

00.40 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJÁREINN

Föstudagur 19. apríl

16.30 Muzik.is
17.30 Two Guys and a Girl (e)
18.00 Everybody loves Raymond (e)
18.30 Yes, Dear(e)
19:00 Powerplay (e)
19.30 Powerplay(e)
20.00 Morfis. Mælsku- og rökraðu-keppni framhaldsskólanna í þeirri útsendingu.
22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót.
23.00 Malcolm in the middle (e)
23.30 CSI (e)
00.20 Law & Order (e)
01.10 Jay Leno(e)
02.00 Muzik.is
03.00 Östöðvandi tónlist

Laugardagur 20. apríl

12.30 48 Hours(e)
13.30 Law & Order(e)
14.30 Jay Leno(e)
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Survivor IV (e)
17.30 Fólk (e)
18.30 Undercover (e)
19.30 Two Guys and Girl (e)
20.00 Powerplay. Bandarísk þáttaröð um Brett Parker er flytur aftur til heima-bæjar síns til að stjórna hokkíliði. Bróðir Todd gengur í liðið en Strand gerir þeim ljóst að aðeins annar þeirra fái að vera áfram. Brett undirbyr mikið geim.
21:00 Íslendingar. Spurninga- og spjall-þáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar.
22:00 Total Recall. Kanadísk spennu-þáttaröð um lögreglumenn á áttunda áratug 21. aldarinnar
22.50 Bíomynd(e)
00:20 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01.50 Muzik.is

Sunnudagur 21. apríl

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótör(e)
14.30 Boston Public(e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Providance (e)
18.30 Bob Patters(e)
19.00 Jackass(e)
19.30 Yes,dear (e)
20:00 Sunnudagsmynd
21:30 Málíð
21.45 Silfur Egils
23.30 Íslendingar (e)
00.30 Survivor IV (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Östöðvandi tónlist


Hvað er að ske? Á helginni
18. apríl - 22. apríl

Með ensku tali

Fimmtudag kl 9
Föstudag kl 9



ÍSÖLD



HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Starf við aðhlyningu

Laust er 70% starf í vaktavinnu við aðhlyningu á Hjúkrunarheimilinu Sólborg á Flateyri.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Jónsdóttir, fostöðumaður í síma 456 7718 og 868 6927.

www.bb.is

- dagblað á netinu!

kirkja

Hnífsdalskapella:
Guðsþjónusta kl. 11:00 á sunnudag.

Flateyrarkirkja:
Guðsþjónusta kl. 14:00 á sunnudag fyrir unga sem alna.

Pingeyrarkirkja:
Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30 á sunnudag. Unglingar aðstoða með undirleik og söng auk kirkjukórsins.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu? **Torfi Jóhannsson, forstöðumaður Íslenskra verðbréfa hf. á Ísafirði svarar:**

„bb.is skoðaði ég reglulega þegar ég bjó í Reykjavík við margar fyrirspurnir frá vinnufélögum mínum



og vinum, sem vildu allir vita hvaða síða þetta væri eiginlega. Nú þegar ég er kominn heim skoða ég bb.is síst minna, en gaman er þó að fá BB líka í hendurnar á miðvikudögum. Í vinnunni skoða ég mikið síðu Verðbréfafings Íslands, vi.is, en þar koma fréttir af markaði ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum um verðbréfavíðskipti á Íslandi. Íslensk verðbréf hafa eigin heimasíðu, iv.is, og þar kemur ýmislegt fram. Vinsælast þar er reiknivél sem segir fólki hvað það fær fyrir hverja 1.000.000 kr. í húsbúðum á viðkomandi degi, en eins og fólk veit þá eru afföllin mjög mikill í dag eða í kringum 12%. Aðrar síður sem ég skoða mér til gamans eru t.d., bifrost.is (besti skólinn), mbl.is (bestu íþróttaréttirnar), liverpool.is (besta fótboltaliðið), spvf.is (besti bankinn) og smart-money.com, sem er þægileg síða til að veita upplýsingar um gengi hlutabréfa skráð í BNA. Mæli með henni fyrir þá sem eiga eitthvað í Decode (dcgn).

Ertu orðin(n) áskrifandi?



Sunnudagur 21. apríl kl. 14:55
Enski boltinn: Arsenal – Ipswich Town
Sunnudagur 21. apríl kl. 17:55

Spænski boltinn: Valencia – Deportivo La Coruna
Sunnudagur 21. apríl kl. 21:30

Úrslitakeppni NBA: Leikur óákveðinn

Þriðjudagur 23. apríl kl. 18:30

Meistarakeppni Evrópu: Barcelona – Real Madrid
Miðvikudagur 24. apríl kl. 18:30

Meistarakeppni Evrópu: Man. Utd. – Bayer Leverkusen

Stöð 2

Laugardagur 20. apríl kl. 13:45
Enski boltinn: Leikur óákveðinn



Par sem þú ert
- þar erum við

PÓSTURINN
www.postur.is

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4580 • Fax 456 4584 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Hornstrandir

Stefnir í gott ferðasumar

Áhugi ferðamanna á að komast til Hornstranda hefur aukist mikið undanfarin ár og virðist sem framhald verði þar á í sumar. Henry Bæringsson hjá Hornströndum ehf. sem sér um siglingar á svæðið, sagði talsvert af pöntunum hafa borist fyrir sumarið og að allt benti til að það yrði jafnvel betra en síðasta ár. Sagði Henry fólk fyrir á ferðinni með pantanir og að daglega bærust fyrirspurnir, jafnt frá innlendum sem erlendum aðilum. Nú þegar er fullbokað í þrjár ferðir fyririrtækisins á Hornstrandir.

Hafsteinn Ingólfsson hjá Sjöferðum Hafsteins og Kiddýjar, sem einnig hefur með höndum siglingar á Hornstrandir, sagði að sumarið legðist mjög vel í sig enda stefndi allt í að bókanir yrðu svipaðar og í fyrra. Hann sagði að þegar væri byrjað að bóka í ferðir sumarsins en mikið væri um að ferðamenn bókuðu sig um leið og þeir kæmu á staðinn. Hafsteinn sagði aukningu á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í sumar, hafa jákvæð áhrif fyrir reksturinn en hins vegar væri því ekki að leyndu að sumarátætlun Flugfélags Íslands sem þegar hefur tekið gildi, væri skref aftur á bak.

Vestfirðir

Tími sumar-dekkja runninn upp

Frestur til að taka vetrarhjólbarða undan bifreiðum og setja sumarhjólbarða undir rann út á mánudag. Að sögn Öndar Jónssonar, yfirlög-regluþjóns er þó heimilt að hafa vetrarhjólbarða undir lengur, ef sérstök veðurskilyrði kalla á það.

Hann sagði að búast megi við því að lögreglan fari að beita sektum við brotum gegn þessu þegar líður að lokum apríl. Sekt fyrir hvern og einn vetrarhjólbarða með nögglum undir bifreið er kr. 5.000,-

Aðalfundur fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Viðræður hafnar um uppbyggingu háskólaseturs

Á haustmisseri 2001 voru 115 manns á Vestfjörðum skráðir í fjarnámi við háskóla. Við Háskólann á Akureyri voru 55 manns í fjarnámi, 39 við Kennaraháskóla Íslands, 15 við Háskóla Íslands og 6 við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Frá þessu var greint á aðalfundi fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem haldinn var laugardaginn 6. apríl sl. Heildartekjur Fræðslumiðstöðvarinnar á síðasta ári námu 24,4 milljónum króna, en gjöld námu 20,9 milljónum króna. Hagnaður

af rekstrinum var því um 3,5 milljónir króna.

Í ársskýrslu miðstöðvarinnar kemur m.a. fram að á árinu 2001 voru haldin 46 námskeið í 51 hópi á mótí 30 árið á undan. Námskeiðin sóttu 650 manns, 474 konur og 176 karlar. Ein breyting varð á stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á aðalfundinum er Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga kom inn í vara-stjórn í stað Ásgeirs Þórs Jónssonar. Aðrir í stjórninni eru Ólína Þorvarðardóttir, formaður, Óðinn Gestsson, Guð-

rún Stella Gissurardóttir, Jón Reynir Sigurvinsson og Dagrún Matthíasdóttir. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða eru þeir Smári Haraldsson, forstöðumaður og Brynjar Ingason.

Á fundinum var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða haldinn á Ísafirði, 6. apríl 2002 beinir því til stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, að hefja nú þegar viðræður við ráðuneyti menntamála um uppbyggingu háskólaseturs á Ísafirði. Stjórnin skipi samstarfs-

nefnd með fulltrúum Atvinnuþróunarfélagsins Fjórðungssambandi Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar eftir tilnefningu þeirra.

Hlutverk nefndarinnar verði: 1) Að fara yfir framkomnar tillögur að uppbyggingu háskólaseturs í tengingu við Þróunarsetur Vestfjarða en kanni einnig aðra möguleika á staðsetningu setursins á Ísafirði. 2) Að kynna framkomnar hugmyndir á háskólasetri fyrir ráðuneyti menntamála og setji fram þann vilja að framkvæmdir geti hafist eigi síðar en í ársbyrjun 2003.“



Kajakræðarar lenda oft í ýmsum skemmtilegum og óvenjulegum aðstæðum á ferðum sínum um hafflötinn. Dag einn fyrir stuttu er ljósmyndari blaðsins var í róðri á Skutulsfirðinum varð hann var við svifaseinan máffugl á spegilsléttum haffletinum og ákvæð að bjóða honum far sem hann þáði með þökkum. Voru þeir á siglingu um fjörðinn í um hálfklukkustund og kvöddust síðan með virktum. Kipti fuglinn sér ekkert upp við myndatökuna enda eflaust vanur ýmsu áreiti á ferðum sínum.

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Bolungarvík

Elías skipar efsta sætið

Elías Jónatansson, framkvæmdastjóri, skipar efsta sætið á lista sjálfstæðismanna í Bolungarvík fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 25. maí nk., en Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, vermir heiðurs-sætið, það fjórtánda. Þetta var ákveðið á fundi fulltrúaráðs

sjálfstæðisfélaganna í Bolungarvík á laugardag. Eftirtaldir átján einstaklingar skipa lista flokksins fyrir kosningarnar í vor:

1. Elías Jónatansson, framkvæmdastjóri. 2. Daðey S. Einarsdóttir, rekstrarfræðingur. 3. Ragna Jóhanna Magn-

úsdóttir, húsmóðir. 4. Sölvi R Sólbergsson, tæknifræðingur. 5. Finnbogi Bjarnason, þjónustufulltrúi. 6. Jenný Hólmssteinsdóttir, viðskiptafræðingur. 7. Anna Sigríður Jörundsdóttir, snyrtifræðingur. 8. Baldur Smári Einarsson, viðskiptafræðingur. 9. Signý Þor-

kelsdóttir, fiskvinnslukona. 10. Ólafur Jens Daðason, sjómaður. 11. Anna Guðrún Edvardsdóttir, skólustjóri. 12. Helgi Jónsson, rafeindavirki. 13. Halldór Jón Hjaltason, húsasmiður. 14. Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá óryggi lífðátt og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnú þín eru áhers vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-MÍÐSTÖÐIN HF
- þegar lífi er í vanda!

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmh.is

15% afsláttur af öllum BIOTHERM snyrtivörum vikuna 15. - 21 apríl, t.d. mjög góðar töskur fullar af frábærum vörum fyrir herrann KONUR & MENN

Hálmegstræti 9-13 í Verðunarmiðstöðinni Niðsta. Sími 456 0201

WMM STRAUMUR

30 ára 1972 - 2002

Fjöldi tilboða í apríl

Sílfargöta 5
Sími 456 3321

bb.is

- öflugur frétt- og upplýsingamiðill!